



Ársskýrsla
lögreglustjórans á
höfuðborgarsvæðinu

2014

Ársskýrsla

2014



LÖGREGLUSTJÓRINN Á
HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Útgefandi: Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu
www.lrh.is
www.facebook.com/logreglan
Umsjón og ábyrgð: Upplýsinga- og áætlanadeild
Gunnar Rúnar Sveinbjörnsson

Myndir: Foto.is sf.
Prentun: Litlaprent
Umbrot: Litlaprent
Útgefið í júlí 2015

Efnisyfirlit

LÖGREGLAN SKILAR GÓÐU STARFI	5
SKIPURIT	7
HELSTU MARKMIÐ LRH	8
EMBÆTTIÐ Í HNOTSKURN	10
HELSTU VERKEFNI LÖGREGLUNNAR Á HÖFUÐBORGARSVÆDINU	12
Manndráp og líkamsrásir	15
Innbrot og þjófnaðir	19
Fíkniefnamál	21
Kannabísræktanir	23
Kynferðisbrot og heimilisofbeldi	25
Rán og fjársvik	27
Umferðarefirlit	30
Umferðarlagabrot	32
Fréttir úr umferðinni	34
Brunar og íkveikjur	36
Gabb	38
Menningarnótt	39
Óvenjuleg verkefni	41
Lögreglan og samfélagsmiðlar	43
Hverfa- og svæðafundir	45
Eitt og annað	46
Reiðhjólalöggæsla	49
REKSTUR	52
Rekstrarreikningur	54
VIÐAUKAR	56



Lögreglan skilar góðu starfi

Starfsmenn Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu voru önnur kafnir á árinu 2014 líkt og fyrri ár. Áskoranir voru þær sömu og jafnan, að veita betri þjónustu fyrir minna fé.



Í árferði síðustu missera hefur reynt mikið á þolmörk Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, en niðurskurður á starfstíma embættisins nemur hundruðum milljóna króna. Lækkunin er um 20%, og á sama tíma hefur ársverkum fækkað úr 437 í 363, eða um 17%. Þetta er mikill niðurskurður og hefur gert Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu að forgangsraða verkefnum sínum enn frekar.

Haustmánuðir fóru í undirbúning fyrir nýja nálgun við úrvinnslu heimilisofbeldismála og aukinn þungi var settur í að leita að og finna týnd ungmenni, í samstarfi við barnavernd og ríkislögreglustjóra.

Lögreglumenn og aðrir starfsmenn embættisins tókust á við krefjandi verkefni af ýmsum toga. Mál er varða ofbeldi gegn lögreglumönnum voru ríflega 60 talsins. Það er því mikilvægt sem fyrr að gæta að þjálfun og búnaðarmálum lögreglu.


Ánægjulegt var að sjá niðurstöður könnunar sem gerð var á árinu um viðhorf til lögreglu, ótta við afbrot og reynslu af þeim. Í henni kom m.a. fram að 93% aðspurðra töldu Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu skila góðu starfi við að stemma stigu við afbrotum í umdæminu.

Mannauður embættisins er mikill og traust til lögreglunnar dýrmætt. Starfsfólk Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á þakkir og heiður skilinn fyrir árangur embættisins á árinu 2014.

Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri.



Skipurit



Markmið Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu árið 2014, líkt og fyrri ár, var að fækka brotum í umdæminu. Árangurinn er misjafn, en oftast en ekki hefur gengið vel. Þetta árið fækkaði hegningarlagabrotum á milli ára og vóg fækkun þjófnaða þar nokkuð, sérstaklega fækkaði farsímaþjófnum. Fækkun kynferðisbrota var þó hlutfallslega mest árið 2014, en hafa verður jafnframt í huga að óvenju mikill fjöldi slíkra mála var til rannsóknar árið áður. Þannig eru stundum sveiflur á milli ára í fjölda tilkynninga þegar mál eru annars vegar og því mikilvægt að skoða tölfræðina einnig með það til hliðsjónar. Innbrotum fjölgaði lítillega árið 2014, en þar stóðu upp úr innbrot í ökutæki. Þeim fjölgaði um meira en helming frá árinu áður. Hafa ber þó hugfast að innbrot í umdæminu árið 2013 voru færri en áður þekktist, eða frá því skráning brota hófst hjá lögreglunni.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu horfir sérstaklega til fækkunar brota á nokkrum afmörkuðum sviðum (eignaspjöll, innbrot, þjófnaðir og líkamsárásir) eins og kveðið er á um í grundvallarstefnu embættisins. Þegar hefur verið minnst á innbrot og þjófnaði, en mörg líkamsárásarmál voru enn fremur til rannsóknar hjá lögreglu. Því miður fækkaði ofbeldisbrotum ekki á milli ára og raunar hefur þeim fjölgað frá árinu 2011. Flest þeirra áttu sér stað að kvöld- eða næturlagi, og þá ósjaldan í miðborg Reykjavíkur. Lítil breyting varð





á fjölda tilkynninga um eignaspjöll árið 2014, en vel er fylgst með þróun brota hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Í því samhengi má nefna útgáfu afbrotatölfræði LRH, sem birt er mánaðarlega í miðlum embættisins.

Hvergi hefur verið hvikað frá því grundvallarmarkmiði Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu að auka öryggi og öryggistilfinningu þeirra sem búa, starfa og dvelja í umdæmi hennar, og vel hefur miðað í þeim efnum. Í skýrslunni *Viðhorf til lögreglu, ótti við afbrot og reynsla af þeim*, sem byggir á könnun Félagsvísindastofnunar HÍ og var framkvæmd árið 2014, má m.a. lesa að langflestir íbúa á höfuðborgarsvæðinu (91%) telja sig vera örugga eina að gangi að næturlagi í sínu hverfi. Enn fleiri (93%) segja Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu skila góðu starfi við að stemma stigu við afbrotum í umdæminu. Það er því margt sem miðar í rétta átt hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.



Embættið í hnotskurn

 Mannfjöldi
  Hlutfall af hófuðb.sv.
  Hlutfall af Íslandi
  Fjöldi erlendra
  Hlutfall erlendra
  Fjöldi ríkisfanga
  Stærð í km²
 Fjöldi grunnsk.
  Fjöldi leiksk.
  Fjöldi framhaldssk.



Heimildir:

Fólksfjöldi: Hagstofa Íslands

Fjöldi skóla: Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Flatarmál sveitarfélaga: Landmælingar Íslands, upplýsingaveita sveitarfélaga

- Mannfjöldi
- Hlutfall af Íslandi
- Fjöldi erlendra
- Hlutfall erlendra
- Fjöldi ríkisfanga
- Stærð í km²
- Fjöldi grunnsk.
- Fjöldi leiksk.
- Fjöldi framhaldssk.

 Höfuðb. sv.

208.752	64,1%	14.692	7,0%	136	1.043	74	158	15
---------	-------	--------	------	-----	-------	----	-----	----

 Ísland

325.671	100%	22.744	7,0%	141	102.698	169	290	34
---------	------	--------	------	-----	---------	-----	-----	----

				
	243 karlar	53 konur	24 karlar	54 konur
Lögreglumenn 296		Borgaralegir starfsmenn 78		

Fjöldi ökutækja í lok árs 2014

			
4 Merktar stórar bifreiðar	29 Merktar fólksbifreiðar	11 Ómerktar fólksbifreiðar	12 Bifhjól
			Samtals 55

Akstur ökutækja í kílómetrum árið 2014

		
983.082 Akstur merktra ökutækja	194.354 Akstur ómerktra ökutækja	95.118 Akstur bifhjóla
		Samtals 1.272.554

HELSTU VERKEFNI LÖGREGLUNNAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

11. júlí

HJÁLPSAMUR LÖGREGLUMAÐUR

Lögreglumenn eru í eðli sínu hjálpsamir enda snýst starf þeirra að stórum hluta um að aðstoða borgarana. Hvort íslenskir lögreglumenn séu hjálpsamari en erlendir starfsbræður þeirra skal ósagt látið, en þrír ferðamenn í Reykjavík fullyrða þó að svo sé. Niðurstaða þeirra byggir á atviki sem átti sér stað á bílastæði handan lögreglustöðvarinnar á Hverfisgötu um síðustu helgi. Þá voru nokkrir lögreglumenn í morgunkaffi þegar þeir verða þess varir að ökumanni bifreiðar gengur vægast erfiðlega að komast af stað, en þeir horfðu á aðfarirnar út um glugga stöðvarinnar. Ökumaðurinn var búinn að reyna allnokkrum sinnum, en alltaf drapst á bílnum þegar aka átti af stað. Ljóst var að hér þurfti að grípa inn í og snaraði einn lögreglumannanna sér yfir götuna og inn á bílastæðið til að kynna sér hverju þetta sætti. Ökumaðurinn, bandarískur ferðamaður ásamt tveimur samlöndum, reyndist vera í fínu standi og með öll tilskilin réttindi, en hann hafði hins vegar

Verkefni Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu árið 2014 voru ærin og mikið reyndi á starfsmenn embættisins. Flest teljast hefðbundin, en það er veruleiki lögreglumanna að rannsaka líkamsrásir, nauðganir og manndráp svo nokkur dæmi séu nefnd. Þess konar mál komu öll á borð Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, sem setur rannsóknir alvarlegustu málanna í forgang. Vanda þarf til verka og áhersla er lögð á gæði og skilvirkni við rannsóknir mála, sem er eitt af lykilatriðum í starfsemi embættisins. Þetta árið var eitt manndrápsmál til rannsóknar hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, og vakti það eðlilega mikla athygli. Því miður hefur ofbeldisbrotum ekki fækkað í umdæminu undanfarin ár, en bæði minni háttar og meiri háttar líkamsrásasum fjölgaði á milli ára.

Snemma hausts var lögreglu tilkynnt um andlát ungrar konu í íbúð fjölbýlishúss í Reykjavík. Haldið var tafarlaust á staðinn, en strax á vettvangi kviknaði grunur um að lát konunnar hefði borið að með saknæmum hætti og var eigenmaður hennar handtekinn í íbúðinni. Við yfirheyrslur var eigenmaðurinn margsaga, en hann tilkynnti fyrst kunningja þeirra hjóna um hvernig ástatt var og sá lét lögreglu vita. Eigenmaðurinn, sem var grunaður um að hafa þrengt að öndunarvegi eiginkonunnar svo hún hlaut bana af, var úrskurðaður í gæsluvarðhald og síðar ákærður fyrir manndráp. Þetta var sjötta morðið í Reykjavík á átta ára tímabili.

engra reynslu af því aka beinskiptum bíl og þar lá vandinn. Lögreglumaðurinn sýndi ökumanninum hvernig hann ætti að bera sig að og var ferðamaðurinn útskrifaður á met tíma úr þessum óvenjulega „ökuskóla“. Að því loknu var lögreglumanninum ekið aftur þessa stuttu leið að lögreglustöðinni og gekk allt eins og í sögu og ekki annað að sjá en ökumaðurinn hafi náð góðum tókum á því að aka beinskiptum bíl. Hann og farþegarnir voru himinlifandi með þessa greiðvikni lögreglumannsins og höfðu á orði að lögreglumenn í þeirra heimalandi byðu nú ekki upp á svona frábæra þjónustu.

lrh.is

Oftsinnis var miðborg Reykjavíkur vettvangur alvarlegra líkamsárása, en seint á árinu var karl á fertugsaldri stunginn þar með hnífi í hjartað. Óttast var um líf hans, en með undraverðum hætti tókst læknum að bjarga lífi mannsins. Hnífi var líka beitt í annarri líkamsárás í miðborginni um sumarið, en þá var þolandinn sömuleiðis karl á fertugsaldri. Sá var stunginn ítrekað bæði í líkama og andlit. Fleiri hnífsstungumál komu til rannsóknar hjá lögreglu, en hnífum var líka brugðið á loft í öðrum borgarhlutum. Í mars var karl á þrítugsaldri stunginn rétt við hjartað í íbúð í Grafarholti, en litlu mátti muna að stungan hefði dregið manninn til dauða. Meiri háttar líkamsárásir áttu sér líka stað í hinum sveitarfélögum, en í febrúar voru nokkrir menn handteknir vegna rannsóknar á máli sem varðaði rán, frelsissviptingu og alvarlega líkamsárás í Kópavogi. Mönnunum var m.a. gefið að sök að hafa slegið og sparkað í þolandann, auk þess að stinga hann með skærum.

Árlega berast Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu margar tilkynningar um heimilisofbeldi og árið 2014 var engin undantekning. Á haustdögum var karl á fertugsaldri handtekinn eftir sérstaklega hættulega líkamsárás á fyrrverandi sambýliskonu, en maðurinn ók m.a. tvisvar á hana. Um mitt sumar var lögreglan kölluð að heimili í borginni, en innan dyra var kona og hafði hún verið stungin nokkrum sinnum með hnífi. Sambýlismaður hennar var handtekinn skammt frá vettvangi, en hann var síðar ákærður fyrir verknaðinn. Kynferðisofbeldi er líka ljótur blettur á samfélaginu, en það var eilítil huggun að tilkynntum kynferðisbrotum fækkaði á milli ára. Engu að síður rannsakaði Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu mörg



29. júní

ÓGNAÐ AF GEITUNGI

Betur fór en á horfðist þegar geitungur fór inn um glugga á einbýlishúsi á höfuðborgarsvæðinu. Innandyra var unglingsstúlka, en hún var í makindum uppi í sófa og undir sæng með tölvuna sína og átti sér einskis ills von þegar hinn óboðni gestur mætti á svæðið. Sjálfsgagt hefur heimasætan talið sér ógnað og óttast árárs geitungins því um leið og stúlkan sá til hans spratt hún upp úr sófanum og forðaði sér af vettvangi. Svo óheppilega vildi hins vegar til í öllum þessum atgangi að sængin hennar hentist á logandi kerti á nærliggjandi borði. Við það kviknaði í sænginni og var slökkviliðið kallað á vettvang. Vel gekk að ráða niðurlögum eldsins, en sængin var þó ónýtt eftir. Engar aðrar skemmdir urðu á innanstokksmunum, en þarna var sannarlega hættu á ferðum. Þó einhver kunnni að brosa út í annað má ekki gleyma því að stungur geitunga geta verið mjög hættulegar þeim sem eru með geitungaofnæmi. Rétt er að geta þess að stúlkunni varð ekki meint af, en engar sögur fara af afdrifum geitungins.

lrh.is

slík mál árið 2014, og eðlilega vöktu þau óhug hjá almenningi. Fá þó meira en hópnauðgun í sumarbyrjun, en fimm ungir karlar voru grunaðir um aðild og voru þeir allir úrskurðaðir í gæsluvarðhald.

Baráttan við fíkniefnavandann hélt áfram, en árið 2014 var lagt hald á meira af marijúana en áður þekktist í umdæminu. Aðgerðum í að hamla gegn sölu, dreifingu og framleiðslu fíkniefna var framhaldið, en málum tengdum framleiðslu fíkniefna hefur fækkað stöðugt undanfarin ár. Á fyrri hluta ársins var karl á sextugsaldri handtekinn, en í fórum hans fundust fíkniefni, sem talið var að hafi átt að smygla til útlanda, en slík mál koma ekki oft á borð lögreglu. Rannsóknir fíkniefnamála eru oft tímafrekar og svo átti við í máli seint á árinu, en þá var lagt hald á verulagt magn af kókaíni. Tveir voru handteknir þegar afhenda átti kókaínið á Íslandi, en annar þeirra hafði flutt efnið frá Suður-Ameríku.

Umferðarmál voru líka fyrirferðarmikil, en það þótti tíðindum sæta að á höfuðborgarsvæðinu varð ekkert banaslys í umferðinni árið 2014. Leita þarf marga áratugi aftur í tímann eftir viðlíka fréttum úr umferðinni. Umferðarslysum í umdæminu fækkaði hins vegar ekki á árinu og var það miður. Í júlí varð mikill brunni í Skeifunni í Reykjavík, stórtjón hlaut af, en engan sakaði. Ekki áttu allar tilkynningar til lögreglu við rök að styðjast, en snemma árs barst neyðarkall frá skipverja, sem sagði bít sinn vera að sökkva. Viðamikil leit hófst að bátnum, en seinna kom á daginn að tilkynningin var gabb. Hér á eftir er farið frekar yfir helstu verkefni Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu árið 2014. Tekið skal fram að tölfræði embættisins fyrir sama tímabil er að finna í skýrslunni *Afbrot á höfuðborgarsvæðinu (útgef. 2015)*.



28. janúar

ÓNÆÐI

Reglulega berast lögreglu tilkynningar þar sem kvartað er undan hávaða. Oftast koma tilkynningar af þessu tagi á borð lögreglu seint á kvöldin eða á næturna, en stundum um miðjan dag. Sú var raunin í gær, en um kaffileytið var kvartað undan hávaða í íbúð í fjölbýlishúsi í vesturborginni. Tilkynnandi greindi frá því að mikil öskur heyrðust frá ónefndri íbúð og svakalegir dýnkir að auki. Þrír lögreglumenn voru sendir á staðinn, tilbúnir að skakka leikinn og koma á friði í íbúðinni. Í henni reyndust vera tveir piltar innandyrna og voru þeir steinhissa þegar lögreglan bankaði upp á. Spurðir um hávaðann sögðust strákarnir hafa verið í tölvuleik og kannski lifað sig fullmikið inn í leikinn. Þeim var leyft að halda tölvuleiknum áfram, en þó með því skilyrði að spila leikinn af meiri stillingu og með minni tilþrifum.

Manndráp og líkamsárásir

Illu gengur að fækka ofbeldisbrotum á höfuðborgarsvæðinu og á því varð engin breyting árið 2014. Bæði minni háttar og meiri háttar líkamsárásur fjölgaði í umdæminu á milli ára, og er það verulegt áhyggjuefni. Leita verður allra leiða til að stöðva þessa óheillaþróun, en góður árangur í þeim efnum mun varla nást nema með samstilltu átaki allra. Eins og áður átti meirihluti ofbeldisbrota sér stað að kvöld- og næturlagi um helgar. Oftar en ekki var vettvangur brotanna í miðborg Reykjavíkur, en mjög stór hluti ofbeldisbrota er einmitt framinn þar. Ekki má samt gleyma að ofbeldisbrotum í miðborginni fækkaði mikið á árunum 2007 til 2011, en það sýnir að hægt er að ná árangri. Um 840 líkamsárásir voru tilkynntar til Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu árið 2014, þar af teljast rúmlega 150 alvarlegar (218. gr. alm. hegningarlaga).

Afleiðingar ofbeldis geta verið hörmulegar og sú varð raunin síðustu helgina í september, en lögreglan var þá kölluð að fjölbýlishúsi í Breiðholti í Reykjavík. Í einni íbúðinni bjuggu hjón á þrítugsaldri og tvö ung börn þeirra, 2 og 5 ára. Eiginkonan var látin þegar að var



13. júní

KÖTTUR Í VANDRÆÐUM

Verkefni lögreglunnar eru mörg og margvísleg og ýmislegt getur komið upp á vaktinni. Þannig var því einmitt farið seint í gærkvöld þegar kallað var eftir aðstoð lögreglu í Hafnarfirði, en köttur í bænum hafði ratað í vandræði. Tveir lögreglumenn fóru strax á vettvang, en þar var að finna kisu í sjálfheldu. Raunar var þetta kettlingur, en sá hafði fest hausinn í gati á fiskikari. Sjálfsagt hefur kisi runnið á lyktina og hugsað sér gott til glóðarinnar, en fiskvinnsla er á þessum stað í bænum. Ekkert varð þó af fyrirhugaðri máltíð og matarleiðangur kisu breyttist í martröð. Lögreglumennirnir lentu í nokkru basli þegar kom að því að losa köttinn enda ekki hægt að treysta á verklagsreglur í tilvikum sem þessum. Prautseigja og hyggjuvit þeirra varð þó til þess að eftir nokkrar tilraunir tókst að losa kettlinginn úr prísundinni. Hann var frelsinu feginn, en til stóð að færa kettlinginn í Kattholt eftir þetta mikla ævintýri.

komið, en strax vaknaði grunur um að dauða hennar hefði borið að með saknæmum hætti. Eiginmaðurinn var handtekinn í íbúðinni, en börnunum var komið í umsjá barnaverndaryfirvalda. Við yfirheyrslur þótti frásögn mannsins af því sem gerðist ekki trúverðug, en rannsókn málsins var viðamikil eins og ávallt í málum sem þessum. Svo fór að eiginmaðurinn var ákærður fyrir að bregða reim úr hettupeysu um háls eiginkonunnar og þrengja að með þeim afleiðingum að hún lést. Þetta var níunda manndrápsmálið á höfuðborgarsvæðinu frá árinu 2007.

Litlu mátti muna að manndrápsmálin yrðu fleiri því oft voru brotá-polar hætt komnir. Sjaldan þó eins og þegar karl á fertugsaldri var stunginn með hnífi á Hverfisgötu í Reykjavík seint í nóvember eftir að til orðaskipta kom á milli nokkurra manna, en ekki er vitað um deiluefnið. Hnífsblaðið fór í hjarta mannsins, sem var í skyndi fluttur á sjúkrahús þar sem læknum tókst á nánast óskiljanlegan hátt að bjarga lífi hans. Miðborgin var líka vettvangur hnífaárásar snemma í ágúst, en þá var einnig karl á fertugsaldri stunginn með hnífi á Frakkastíg. Sá var stunginn ítrekað í líkama og andlit, en árásar-maðurinn hafði áður gerst sekur um líkamsárás og verið dæmdur fyrir. Enn ein líkamsárásin, þar sem hnífi var beitt, átti sér stað í heimahúsi í Grafarholti í Reykjavík. Það var í lok mars, en í samkvæmi í húsinu voru meðal annarra tveir menn á þrítugsaldri og

30. september

HNÍFSSTUNGA Í AUSTURSTRÆTI

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir vitnum að alvarlegri líkamsárás sem átti sér stað við Austurstræti 11, fyrir utan skemmtistaðinn Austur, aðfararnótt sunnudagsins 28.9. sl. Atvikið átti sér stað milli kl. 04:00–04:30. Þar var maður stunginn með hnífi en lögreglan óskar eftir því að þeir sem urðu vitni að samskiptum mannanna, eða árásinni sjálfri, hafi samband við lögreglu gegnum símann 444-1000, netfangið berglind.eyjolsdottir@lrh.is eða einkaskilaboð á Facebooksíðu Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

lrh.is

stakk annar hinn með hnífi rétt við hjartað. Árásarmaðurinn var talinn hættulegur og var úrskurðaður í gæsluvarðhald á grundvelli almannahagsmuna. Hann gat ekki gefið neinar skýringar á athæfi sínu.

Snemma sumars varð karl á fimmtugsaldri fyrir alvarlegri líkamsárás við heimili sitt í Kópavogi. Vegfarendur tilkynntu um málið til lögreglu, en maðurinn reyndist mikið slasaður og var m.a. með alvarlega áverka á höfði. Böndin beindust fljótt að ákveðnum mönnum og voru þeir handteknir. Einn þeirra átti að baki sakaferil í öðru landi og fór svo að hann var framseldur þangað. Í byrjun júlí varð karl á sextugsaldri einnig fyrir grófri líkamsárás, en á hann var ráðist við Grímsbæ í Reykjavík. Honum var síðan þröngvað í bifreið og þar með sviptur frelsi, en manninum var síðar sleppt við bensínstöð í Hafnarfirði. Hann var illa útleikinn eftir barsmíðar, en ódæðismennirnir voru sagðir hafa notað kúbein við aðförina. Þrjú karlar á fertugsaldri voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald í þágu rannsóknarinnar. Mánuði seinna var annað mál á borði lögreglu þar sem einnig var um að ræða hættulega líkamsárás og frelissviptingu. Átján ára piltur var þá færður í hús í Vatnsleysustrandarhreppi, en þar gengu þrjú árásmenn í skrokk á honum. Pilturinn var enn fremur stunginn með óhreinni sprautunál og neyddur til að drekka smjör-sýru, auk þess sem mennirnir gáfu honum rafstuð víðs vegar um líkamann, m.a. í kynfærin.





15. desember

EFTIRLIT MEÐ VEITINGA- OG SKEMMTISTÖÐUM

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu lokaði skemmtistað í miðborginni aðfaranótt sunnudags, en á meðal gesta á staðnum voru sjö 17 ára unglingar. Sama skemmtistað var lokað fyrir hálfum mánuði, en þá voru innandyra fimm ölvaðir 16 ára unglingar. Þá líkt og nú var haft var samband við forráðamenn ungmennanna, sem komu og sóttu þau á lögreglustöð. Málefni skemmtistaðarins eru nú til skoðunar hjá yfirvöldum, en brot sem þessi hafa áhrif á rekstrarleyfi viðkomandi.

Þrátt fyrir áður nefnda lokun um helgina er rétt að taka fram að í langflestum tilvikum eru þessir hlutir, sem og aðrir, í góðu lagi hjá þeim sem reka veitinga- og skemmtistaði. Lögreglan treystir því að svo verði áfram svo forðast megi afskipti líkt og að framan greinir.

lrh.is

Innbrot og þjófnaðir

Innbrotum á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði lítillega árið 2014, en þar stóðu upp úr innbrot í ökutæki. Þeim fjölgaði um meira en helming frá árinu áður. Hafa ber þó hugfast að innbrot í umdæmi Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu árið 2013 voru færri en áður þekktist, eða frá því skráning brota hófst hjá lögreglunni. Svo virðist sem þetta árið hafi eigendur og umráðamenn ökutækja ekki tekið nægjanlega vel eftir varnaðarorðum lögreglunnar um að forðast að skilja eftir verðmæti í bílum, en þeim hefur ítrekað verið komið á framfæri mörg undanfarin ár. Og enn á ný sannaðist það að þjófum er ekkert heilagt, en þeir stela jafnvel jólagjöfum ef því er að skipta. Um 4.000 þjófnaðarbrot voru tilkynnt til Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu árið 2014. Þar af voru innbrot hátt í 900, en þau áttu sér stað víðs vegar í umdæminu og á öllum tímum sólarhringsins. Innbrot í ökutæki voru rúmlega 200 og fjölgaði mikið á milli ára, eins og áður var nefnt. Þess má geta að flestar tilkynningar um innbrot bárust í ágúst, af hvaða ástæðum sem það kann svo að vera.

Tilkynningum um þjófnaði á höfuðborgarsvæðinu hefur stöðugt verið að fækka undanfarin ár og sú þróun hélt áfram árið 2014. Miklu munaði að farsímaþjófnum fækkaði um fjórðung á milli ára, en rétt er samt að halda því til haga að árið 2013 var sérstaklega slæmt í þeim efnum. Farsímaþjófnaðir árið 2014 voru jafnfram fleiri en árin 2011 og 2012. Oftsinnis var farsínum stolið af gestum skemmtistaða í miðborginni um helgar og það voru ekki síst konur sem urðu fyrir barðinu á farsímaþjófum. Eina helgina í september var t.d. um tuttugu farsínum stolið frá konum, sem höfðu farið út á lífið í miðborginni. Þær, sem og aðrir, voru hvattar til að hafa handtöskur lokaðar og minntar á að skilja ekki farsíma eftir á glámbekk, né heldur að geyma síma sína á borðum veitinga- og skemmtistaða. Símar eru dýrir og tjónið því talsvert, en í ársbyrjun

6. janúar

FÍKNIEFNASALI HANDTEKINN

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði kannabisræktun í íbúð í fjölbýlishúsi í austurborginni á föstudag. Lagt var hald á um 650 grómm af tilbúnum kannabisefnum, auk kannabisplantna og búnaðar tengdan starfseminni. Karl um þrítugt var handtekinn í þágu rannsóknarinnar og játaði hann aðild sína að málinu. Við aðgerðina naut lögreglan aðstoðar sérsveitar ríkislögreglustjóra.

Lögreglan minnir á fíkniefnasímann 800-5005. Í hann má hringja nafnlaust til að koma á framfæri upplýsingum um fíkniefnamál. Fíkniefnasíminn er samvinnuverkefni lögreglu og tollyfirvalda og er liður í baráttunni við fíkniefnavandann.

lrh.is

var níu farsínum, samtals að verðmæti um ein milljón, stolið af fimleikastúlkum í Kópavogi. Það mál var upplýst og símunum komið aftur í réttar hendur við mikinn fögnuð eigendanna.

Hnuplmálum fækkaði verulega á milli ára og hafði það líka áhrif á fækkun þjófnaðarbrota hjá embættinu. Tilkynningar um stolin reiðhjól voru hins vegar á móta margar á milli ára, eða hátt í 550. Í seinni tíð hafa líka bæst við tilkynningar um þjófnaði á rafmagnsvespum, en þeim þurfa eigendur líka að ganga frá með tryggilegum hætti, t.d. með lásum. Og rétt eins og með reiðhjólin eiga rafmagnsvespur það til að hrannast upp í geymslum lögreglu. Þetta eru gjarnan rafmagnsvespur sem hafa verið skildar eftir í hirðuleysi, oftast í kjölfar þjófnaðar. Búðarþjófvar voru áfram kræfir og létu ekki síst til sín taka í verslunarmiðstöðvum á höfuðborgarsvæðinu. Í upphafi árs handtók lögreglan tvær konur á þrítugsaldri, sem voru í verslunarleiðangri. Í forúm þeirra fannst ýmiss varningur, sem konurnar gátu ekki gert grein fyrir. Báðar höfðu þær meðferðis virklippur, sem lögregluna grunaði að konurnar notuðu til að fjarlægja þjófavörn af vörum sem þær tóku ófrjálsri hendi.

Þjófarnir fóru annars víða um og sóttust eftir ólíkum hlutum, en í nóvember var brotist inn á sölustað Strætó og þaðan stolið verulegu magni af strætókortum, auk ógrynni lausra strætómiða. Nokkrum vikum fyrr var um 100 hjólbörðum stolið í innbroti í austurborginni og snemma árs voru þjófvar í Mosfellsbæ á höttunum eftir bein- hörðum peningum. Hinir sömu brutust inn í hraðbanka í hjarta bæjarins og höfðu eitthvað af fjármunum á brott með sér, en þrátt fyrir mikla vinnu lögreglu tókst ekki að upplýsa málið.



7. nóvember

HÚSLEIT Í KÓPAVOGI - LAGT HALD Á SKAMMBYSSU OG STERA

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu lagði hald á skammbyssu, sverð og exí, auk fleiri vopna, og talsvert magn stera í töflu- og vökvaförmi við húsleit í Kópavogi í morgun. Húsráðandi, karl á fertugsaldri, var handtekinn í þágu rannsóknarinnar, sem beinist að brotum á vopnalögum og sölu og dreifingu á steralyfjum. Húsleitinn var framkvæmd að undangengnum dómurskurði, en við aðgerðina naut lögreglan aðstoðar sérsvéitar ríkislögreglustjóra.

lrh.is

Fíkniefnamál

Fíkniefnabrotum fjölgaði nokkuð á milli ára, og þá hlutfallslega mest málum sem tengjast innflutningi á fíkniefnum. Málum tengdum framleiðslu fíkniefna fækkaði hins vegar á höfuðborgarsvæðinu árið 2014, og hefur svo raunar verið frá árinu 2011. Baráttan við fíkniefnavandann var annars með hefðbundnum hætti, en aðgerðum í að hamla gegn sölu, dreifingu og framleiðslu fíkniefna var framhaldið, og oft gaf það góða raun. Þetta árið var lagt hald á meira af marjúana en áður þekktist í umdæminu, eða frá því skráning brota hófst hjá lögreglunni. Um var að ræða 55 kíló af marjúana, en árangurinn er ekki síst að þakka góðri samvinnu lögreglu og tollgæslu. Samstarf löggæslufirvalda á þessu sviði er sífellt að aukast, enda kemur Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu að rannsóknum fíkniefnamála víða um land. Samvinna við erlend lögreglulið er jafnframt mjög mikilvæg og nauðsynleg þegar innflutningur fíkniefna er annars vegar. Embættið hefur m.a. átt gott samstarf við norrænu lögregluliðin, en á haustmánuðum handtók sænska lögreglan Íslending, sem var með nokkur kíló af amfetamíni í fórum sínum, og talið var að hafi átt að smygla til Íslands.

10. mars

FÍKNIEFNAMÁL Á HÖFUÐBORGAR- SVÆÐINU

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu lagði hald á um hálf kíló af kannabísefnum við húsleit á tveimur stöðum í austurborginni í síðustu viku. Karl á þrítugsaldri var handtekinn í þágu rannsóknarinnar, en fíkniefnin fundust á heimili hans og í bílskúr sem hann hefur til umráða annars staðar í borginni. Á heimili mannsins var einnig lagt hald á talsvert af peningum, sem taldir eru vera tilkomnir vegna fíkniefnasölu. Í óskyldu máli, einnig í austurborginni í síðustu viku, stöðvaði lögreglan kannabísræktun og lagði hald á tæplega 30 kannabísplöntur. Karl á sjötugsaldri var yfirheyrður í þágu rannsóknarinnar, en í hið ýlum hans var að finna mikið af búnaði til ræktunar kannabíspannta.

lrh.is

Magn fíkniefna, sem haldlagt er árlega, sveiflast nokkuð og árið 2014 var engin undantekning hvað það snertir. Auk marijúana var lagt hald á meira af LSD þetta árið, en minna af amfetamíni, e-töflum og kókaíni, svo dæmi séu nefnd, í samanburði við 2013. Enginn skortur var þó á málum þar sem einmitt þessi sömu fíkniefni komu við sögu. Lagt var hald á rúmlega hálf kíló af kókaíni í nóvember, en málið átti sér nokkurn aðdraganda eins og oft vill vera þegar lögreglan kemur í veg fyrir innflutning fíkniefna. Svo átti við í þessu tilviki, en fleiri embætti komu enn fremur að rannsókn málsins. Tæplega þrítug kona flutti kókaínið til Íslands frá Suður-Ameríku, en hún hafði viðkomu í Frakklandi á leið sinni hingað. Tveir voru handteknir þegar afhenda átti kókaínið hér á landi, en rannsókn málsins var mjög umfangsmikil og fleiri voru handteknir í kjölfarið. Framkvæmdar voru húsleitir og nokkrir sátu í gæsluvarðhaldi um tíma í þágu rannsóknarinnar. Brotahópurinn að baki innflutningi kókaínsins tengdist fleiri fíkniefnamálum að mati lögreglu.

Í september lagði Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hald á tæplega hálf kíló af óblönduðu amfetamíni, auk MDMA, stera og umtalsverðra fjármuna, sem taldir voru tilkomnir vegna fíkniefnasölu. Upphaf málsins var að lögreglan var við sérstakt fíkniefnaeftirlit í Hafnarfirði og handtók þar tvo menn, en annar þeirra var með amfetamín í fórum sínum. Við húsleit hjá þeim síðarnefnda fannst enn þá meira af amfetamíni. Maðurinn, sem er á þrítugsaldri, var grunaður um innflutning fíkniefnanna og úrskurðaður í gæsluvarðhald. Þrír aðrir karlar á svipuðum aldri voru einnig handteknir í þágu rannsóknarinnar og hnepptir í gæsluvarðhald. Þeir voru grunaðir um skipulagningu, fjármögnun og innflutning fíkniefnanna til landsins. Vegna málsins voru framkvæmdar húsleitir bæði í umdæminu og utan þess.



15. september

GATNAMÓT

Í mikilli umferð er mikilvægt að muna að bannað er að aka út á gatnamót, nema að auðsýnt sé að viðkomandi ökumaður komist yfir. Þannig er bæði hættulegt og lögbrot að reyna að koma sér út á gatnamót sem eru þegar orðin troðin og enda þannig úti á miðjum gatnamótum þegar umferð í þverátt er hleypt yfir. Förum varlega og vinnum saman í umferðinni.

lrh.is

Kannabisræktanir

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu framkvæmdi ótal húsleitir árið 2014. Oftar en ekki voru húsleitir í þágu rannsókna í fíkniefnamálum, en fíkniefni var víða að finna í umdæminu. Mörgum sinnum var lagt hald á tugi, ef ekki hundruð kannabisplanta í þessum aðgerðum, og lögreglumenn stöðvuðu ófáar kannabisræktanir. Allt var þetta með svipuðum hætti og undanfarin ár, en óprúttir aðilar halda áfram að leigja íbúðarhúsnæði í þeim eina tilgangi að starfrækja í þeim kannabisræktun. Gjarnan er miklu til kostað þegar búnaði er komið upp, en vinnubrögðin ekki endilega í samræmi við það og skemmdir á húsnæði eftir því. Um það voru sannarlega dæmi á árinu og hætt við að eigendum húsnæðis hafi á stundum verið illilega brugðið í brún þegar hið sanna kom í ljós. Ekki voru allar kannabisræktanir vel sýnilegar þegar inn var komið, en sumir lögðu mikið á sig til að fela þær með fölskum veggjum og slíku. Sama gildir oft þegar fíkniefni eru færð á milli staða, en í einu tilviki var maður handtekinn eftir að verulegt magn af marjúana fannst í varadekki bifreiðar hans.

28. janúar

KJÖTÞJÓFAR HANDTEKNIR

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu handtók í gær þrjá karla sem höfðu stolið kjötvörum úr nokkrum verslunum í umdæminu. Mennirnir, sem eru á þrítugs- og fertugsaldri, höfðu allnokkuð af kjötvörum meðferðis þegar þeir voru handsamaðir. Premeningarnir hafa áður komið við sögu hjá lögreglu.

lrh.is

Lagt var hald á 11 kíló af kannabísefnum við húsleit í iðnaðarhúsnæði í Hafnarfirði síðla vetrar, en efnin voru tilbúin til dreifingar. Snemma hausts tók lögreglan í sína vörslu 6 kíló af maríjúana í nokkrum aðskildum málum, en í aðgerðunum voru framkvæmdar húsleitir víða á höfuðborgarsvæðinu. Mest af þessu, eða rúmlega helmingur, var að finna í fjölbýlishúsi í Kópavogi, en sitthvort kílóíð af maríjúana fannst enn fremur í íbúðum í Hafnarfirði. Við húsleitir finnast oft líka aðrar tegundir fíkniefna og það átti við hér. Þýfi og vopn koma sömuleiðis ósjaldan í leitirnar, en í febrúar rannsakaði lögreglan mál þar sem fíkniefnasali var skotinn í höfuðið með loftskammbyssu. Á fyrri hluta ársins var jafnframt athyglisvert mál til meðferðar hjá embættinu, sem sneri að smygli fíkniefna til útlanda, en slík mál koma ekki oft á borð lögreglu. Tollverðir stöðvuðu þá karl á sextugsaldri á hafnarsvæði í umdæminu og kölluðu til lögreglu. Maðurinn var handtekinn, en í fórum hans fannst bæði maríjúana og hass, sem talið var að hafi átt að smygla til útlanda.



LÖGREGLAN

6. febrúar

BERFÆTTUR Á HLAUPUM

Fyrir margt löngu þóttu þeir dálítið skrýtnir sem fóru út að hlaupa. Seinna varð skokk almenningsþrótt og nú kippir sér enginn upp við það að fólk sé úti að hlaupa. Þetta er rífað upp hér því í gærmorgun barst lögreglu tilkynning um mann á hlaupum í miðborginni, en sá var sagður vera ekki alveg í lagi. Lögreglan fór þegar að svípast um eftir manninum og sá hann fljótlega á hlaupum skammt frá lögreglustöðinni við Hlemm. För hans var stöðvuð, en ekkert athugavert reyndist vera við manninn nema kannski það að hann var berfættur. Slíkt er í sjálfu sér ekki beinlínis lögreglumál og var skokkaranum, sem var allsgáður og sagðist stunda það að hlaupa berfættur, leyft að halda hlaupinu áfram. Auðvitað er þetta ekkert einsdæmi, og t.d. veit sá sem þetta ritar að menn hlaupa berfættir heilt maraþon úti í heimi og þykir ekki tiltökumál. Að hlaupa berfættur í fljúgandi hálfu um stræti og torg á Íslandi er hins vegar dálítið annað mál, eða svo myndu e.t.v. einhverjir halda.

lrh.is

Kynferðisbrot og heimilisofbeldi

Árlega berast Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu fjölmargar tilkynningar um heimilisofbeldi og hefur þeim fjölgað ef eitthvað er. Hér er átt við ofbeldi milli skyldra aðila, en lögreglan vill gera enn betur í þessum erfiðu málum og þannig auka öryggi borgaranna á heimilum sínum. Vilji hennar er að bæta þjónustu við þolendur, en líka við gerendur eftir því sem tók eru á. Til að þetta geti gengið eftir og skilað góðum árangri þarf jafnframt að koma til samstarf við aðra opinbera aðila og að því var stefnt. Embættið mun ekki láta sitt eftir liggja, en síðla árs voru einmitt boðaðar breyttar áherslur hvað þetta varðar. Vinna hófst enn fremur við innleiðingu á nýju verklagi vegna heimilisofbeldismála og voru margir kallaðir til. Samhliða þessu urðu breytingar á verklagi og skráningu lögreglunnar í heimilisofbeldismálum, og tóku þær gildi í desember. Síðasti mánuður árána 2011–2014 er því undanskilinn þegar bornar eru saman tilkynningar um heimilisofbeldi á samnefndu tímabili, en þeim fjölgaði úr næstum 200 í tæplega 240. Að meðaltali bárust því um 20 tilkynningar um heimilisofbeldi á höfuðborgarsvæðinu á mánuði árið 2014.

Ofbeldið var oft hrottalegt, en í júlí barst tilkynning um ófrið í fjölbýlishúsi í Grafarholti í Reykjavík. Þegar komið var á vettvang fannst stórslösuð kona á þrítugsaldri í íbúð í húsinu. Hún hafði verið stungin nokkrum sinnum, og beindist strax grunur að sambýlismanni hennar, sem var þó hvergi sjáanlegur. Hann var hins vegar handtekinn mjög fljótlega, skammt frá heimilinu. Auk stungusára var konan með aðra áverka, en sambýlismaðurinn hafði bæði sparkað

3. júlí

AFBROTATÖLFRAEÐI LRH - TILKYNNINGUM UM KYNFERÐISBROT FÆKKAR

Afbrotatölfraeði lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu fyrir júnímánuð 2014 hefur verið birt. Í skýrslunni eru teknar saman upplýsingar um helstu afbrot sem hafa verið tilkynnt til lögreglu. Fjallað er um þróunina á síðustu 13 mánuðum og tölur það sem af er ári bornar saman við sama tímabil síðustu þriggja ára.

Skráðum hegningarlaga brotum hefur fækkað það sem af er ári miðað við fyrri ár. Tilkynnt hefur verið um 15% færri hegningarlaga brot til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu en á sama tíma í fyrra. Tilkynningum um líkamsárásir fækkar nokkuð á milli mánaða, eða um rúmlega þriðjung og hafa ekki borist færri tilkynningar um ofbeldisbrot í einum mánuði á þessu ári. Einnig fækkar kynferðisbrotum milli mánaða og það sem af er ári hefur verið tilkynnt um 43% færri brot miðað við meðaltal sama tímabils síðustu þriggja ára. Töluvert fleiri ökumenn voru teknir undir áhrifum ávana- og fíkniefna í júní en teknir hafa verið síðastiðna mánuði. Meira en 60% aukning hefur verið á skráðum brotum tengdum akstri undir áhrifum ávana- og fíkniefna það sem af er ári miðað við sama tímabil í fyrra.

lrh.is

og slegið í andlit hennar. Tveimur mánuðum seinna átti kona á fertugsaldri fótum sínum fjör að launa þegar fyrrverandi sambýlismaður ók tvívegis á hana, en henni tókst að komast undan áður en maðurinn reyndi það í þriðja sinn. Þetta var í Vogahverfinu í Reykjavík, en þangað hafði maðurinn komið og hent skiptilykli í gegnum svefnherbergisglugga konunnar, vitandi af henni í herberginu. Konan fór þá út úr íbúðinni, en þá tók við atburðarásin, sem hér var lýst. Ofbeldismaðurinn fór af vettvangi þegar fólk kom að til aðgæta hvað gengi á, en hann var handtekinn nokkrum klukkustundum seinna annars staðar í borginni. Ung dóttir konunnar var heima við þegar þetta gerðist og var vitni að öllu saman.

Kynferðisofbeldi er líka ljótur blettur á samfélaginu, en Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu rannsakaði mörg slík mál árið 2014. Eðlilega vöktu þau óhug hjá almenningi, en fá þó meira en hópnaðgun í samkvæmi í Breiðholti í Reykjavík í maí. Brotapoli var 16 ára stúlka, en meintir gerendur voru fimm, ungir karlar á aldrinum 17–19 ára. Lögð var fram krafa um gæsluvarðhald og voru piltarnir úrskurðaðir í vikulangt gæsluvarðhald, en vegna ungs aldurs fjögurra þeirra var barnaverndaryfirvöldum gert viðvart, m.a. vegna vistunar þeirra. Lögreglan lauk rannsókn málsins og var það sent til ákærumeðferðar, og var hjá embætti ríkissaksóknara þegar þessi ársskýrsla var rituð. Um 70 nauðganir (194. gr. alm. hegningarlaga) voru til rannsóknar hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu árið 2014 og eru það töluvert færri nauðgunarmál en undanfarin ár. Af kynferðisbrotum þá fækkaði vændismálum hlutfallslega mest, en nokkrar sveiflur hafa verið í fjölda tilvika þeirra á umliðnum árum. Einkum má rekja það til þess að vændismál eru ekki síst tilkomin vegna frumkvæðisvinnu lögreglu. Að meðaltali var tilkynnt um þrjú kynferðisbrot á viku á höfuðborgarsvæðinu þetta árið, og fækkaði þeim mikið á milli ára.



14. mars

TILLITSSEMI

Reglulega berast lögreglu tilkynningar þar sem kvartað er undan hávaða, en oftast koma tilkynningar af þessu tagi á borð lögreglu seint á kvöldin eða á næturna. Síðasta nótt var engin undantekning í þeim efnum og átti þar m.a. í hlut ölvæð fólk sem raskaði næturro annarra með hátt stilltri tónlist. Það kemur þó líka oft fyrir að allsgáðir einstaklingar rjúfa næturkyrrðina með ýmsu móti. T.d. þeir sem standa í framkvæmdum á nóttunni og eru að negla og bora. Að flísaleggja í fjölbýli að næturlagi er sömuleiðis mjög vond hugmynd, en ekki er langt síðan að lögreglan þurfti að stöðva flísalagnir um miðja nótt í íbúð fjölbýlishúss í austurborginni. Þetta er rífað upp hér því nú er helgin fram undan og þá er mikilvægt að geta hvílst vel og safnað kröftum fyrir nýja vinnuviku.

lrh.is

Rán og fjársvik

Starfsmaður í söluturni í Hafnarfirði varð fyrir óskemmtilegri reynslu kvöld eitt í mars þegar þangað kom maður vopnaður felgulykli og krafðist þess að fá afhent allt reiðufé sem var í afgangslukassa sjoppunnar. Starfsmaðurinn gerði eins og honum var sagt enda hinn ókunnugi til alls vís. Sá stökk svo út með ránsfenginn og var á bak og burt þegar lögreglan kom á vettvang. Lýst var eftir ræningjanum á fésbókarsíðu embættisins og í fjölmiðlum og svo fór að hann var handtekinn og játaði sök. Ræninginn reyndist vera tvítugur piltur, en hann hafði heldur lítið upp úr krafsinu eins og oftast er í svona málum. Við ránið haldi hann andlit sitt með húfu, sem göt höfðu verið klippt á, en það dugði skammt. Fleiri svipuð mál komu á borð lögreglu, en ræningjarnir voru gjarnan vopnaðir bareflum og höfðu í hótunum við starfsfólk. Rán voru samt ekki bundin við söluturna og verslanir því í allmörg skipti voru verðmæti tekin af vegfarendum. Slík mál komu upp jafnt í miðborginni sem annars staðar, en um mitt sumar var kona um sextugt rænd í Breiðholti. Konan var nýkomin úr strætisvagni þegar óprúttir aðilar á vespu óku framhjá henni og rifu í tösku, sem hún bar við öxlina. Við það féll konan í götuna og dróst nokkra metra með vespunni, áður en hún sleppti takinu á töskunni.



Yfirheyrsluherbergi 7



207

28. febrúar

ÞJÓFAR HANDTEKNIR

Karl og kona á þrítugsaldri voru handtekin í miðborginni eftir hádegi í gær, en þau höfðu stolið fatnaði í ónefndri verslun. Párið var flutt á lögreglustöð, en maðurinn reyndist jafnframt eftirlýstur fyrir aðrar sakir. Skömmu síðar var karl á þrítugsaldri handtekinn í austurborginni, en sá hafði stolið úlpu í grunnskóla. Starfsmenn skólans sáu til þjófins og létu lögreglu vita. Síðdegis voru höfð afskipti af konu á þrítugsaldri, en hún stal vörum úr verslun í Kópavogi. Konan komst til síns heima í Reykjavík, en þar höfðu lögglumenn uppi á henni og endurheimtu vörunar, sem reyndust óskemmdar.

lrh.is

Rán í umdæminu árið 2014 voru tæplega 50, sem er ámóta og undanfarin ár, en um fimmtíu rán voru sömuleiðis tilkynnt til Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu bæði 2013 og 2012. Stundum var miklu ofbeldi beitt, en þrír menn voru ákærðir fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás, frelsissviptingu og rán í Kópavogi snemma árs. Þremmingarnir fóru að heimili karls á fertugsaldri þar sem einn þeirra tók húsráðanda kverkatakki og sló hann í andlitið. Annar sló brotþola í andlitið með leikjatölvu og veittist að honum með skærum, en húsráðandi var stunginn ítrekað í upphandleggina og axlirnar. Enn fremur slógu allir þremmingarnir brotþola ítrekað í höfuð og spörkuðu í líkama hans. Auk þess létu þeir greipar sópa í íbúðinni og höfðu á brott með sér tölvur, síma og fleiri verðmæti. Ofbeldismönnum var jafnframt gefið að sök að hafa svipt húsráðanda frelsi sínu í rúma klukkustund meðan á þessu stóð.

Fjársvikamál af ýmsu tagi voru til rannsóknar hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu árið 2014. Á fyrri hluta ársins var lögð fram kæra á hendur fyrrverandi starfsmanni olíuverslunar, en sá var

11. apríl

EKIÐ Á 6 ÁRA DRENG Á GANGBRAUT

Rafmagnsvespu var ekið á 6 ára dreng á gangbraut á Hagamel í Reykjavík í gærmorgun. Drengurinn var á leið í skóla þegar slysið varð, en hann slasaðist nokkuð. Þrettán ára stúlka ók rafmagnsvespunni, en með henni á vespunni var jafnaldrar hennar. Stúlkurnar voru lemstraðar eftir slysið, en hvarug þeirra var með hlífðarhjál.

Vegna slyssins á Hagamel vill lögreglan ítreka að foreldrar og forráðamenn ræði við börn sín um hættur í umferðinni og hvað sé leyfilegt og hvað ekki, en t.a.m. er bannað með öllu að aka rafmagnsvespum á akbrautum. Því miður virðast sumir ekki gera sér grein fyrir þeirri ábyrgð sem fylgir því að stjórna slíku farartæki og því er þetta undirstrikað hér.

Með hækkandi sól er viðbúið að margar rafmagnsvespur verði á ferðinni og eru ökumenn þeirra, líkt og ökumenn annarra farartækja, hvattir til að fara varlega og sýna ávallt aðgæslu og tillitssemi.

lrh.is

sakaður um að hafa stolið eldsneyti fyrir tugi milljóna. Maðurinn var handtekinn og úrskurðaður í gæsluvarðhald, en rannsókn málsins var mjög umfangsmikil. Þessi fyrrverandi starfsmaður hafði nýtt sér kunnáttu sem hann bjó yfir frá þeim tíma er hann starfaði hjá fyrirtækinu til að eiga við dælubúnað eldsneytisstöðvanna. Brotin höfðu staðið yfir í nokkurn tíma, en eldsneytið seldi hann ýmsum aðilum sem greiddu með reiðufé. Maðurinn átti sér vitorðsmann, en sá aðstoðaði hann við að flytja stolið eldsneyti á milli staða. Um svipað leyti var hjá embættinu til rannsóknar mál sem sneri að ólögmati dreifingu á vinsælli íslenskri sjónvarpsþáttaröð. Karl á þritugsaldri var handtekinn vegna þessa, en við húsleit á heimili hans var lagt hald á tölvubúnað. Efnið var höfundarvarið, en því var deilt í gegnum skráaskiptasiðu. Fjölmargir höfðu halað niður fyrstu tveimur þáttunum þegar kærana var lögð fram, en þættirnir voru afritaðir og settir í dreifingu í kjölfar frumsýninga þeirra í sjónvarpi.

Kærur og ábendingar vegna fjárvika þar sem óprúttir aðilar virtust hafa komist inn í tölvupóstsamskipti íslenskra fyrirtækja, sem eiga í viðskiptum milli landa, bárust Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu í nokkru mæli árið 2014. Með þessum hætti tókst í einhverjum tilfellum að breyta greiðslufyrirmælum vegna uppgjöra á viðskiptareikningum milli aðila og beina þannig greiðslum á reikninga óviðkomandi. Lögregla brýndi fyrir þeim sem standa í viðskiptum milli landa að hafa varann á sér þegar skyndilegar breytingar verða á greiðslufyrirmælum viðskiptavina og reyna að afla staðfestingar á slíkum breytingum með öðrum hætti en tölvupósti. Af verkefnum má enn fremur nefna rannsóknaraðstoð við erlend lögreglulið vegna tölvubrota, enda hefur hýsing erlendra vefsíðna í íslenskum gagnaverum stóruakist undanfarin ár.



8. desember

UMFERÐAREFTIRLIT - 785 ÖKUMENN STÖÐVAÐIR

Sjö hundruð áttatíu og fimm ökumenn voru stöðvaðir á höfuðborgarsvæðinu um helgina í sérstöku umferðareftirliti sem lögreglan heldur nú úti í umdæminu. Þrjú ökumenn reyndust ölvæðir eða undir áhrifum fíkniefna við stýrið og eiga þeir ökuleyfissviptingu yfir höfði sér. Tveimur til viðbótar var gert að hætta akstri sökum þess að þeir höfðu nýtt áfengis en voru þó undir refsimörkum.

Markmiðið með ofangreindu átaki er að vekja athygli á þeirri hættu sem stafar af ölvunar- og fíkniefnaakstri og hvetja fólk til almennrar varkárni í umferðinni. Minnt er á viðvunarorðin Eftir einn ei aki neinn en þau eiga alltaf við. Átakið nær að sjálfsögðu einnig til aksturs undir áhrifum lyfja en afleiðingar þess geta sömuleiðis verið skelfilegar.

lrh.is

Umferðareftirlit

Umferðin á höfuðborgarsvæðinu gekk almennt vel fyrir sig árið 2014, en þar bar hæst að ekkert banaslys varð í umdæminu og þykir það tíðindum sæta. Leita þarf marga áratugi aftur í tímann eftir viðlíka fréttum úr umferðinni á höfuðborgarsvæðinu. Umferðarslysum fækkaði hins vegar ekki á árinu, en þau voru að meðaltali átta á viku. Sem fyrr voru umferðarmál fyrirferðarmikil hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og hún sinnti fjölmörgum verkefnum á þeim vettvangi. Embættið hefur lengi lagt mikla áherslu á sýnilega löggæslu þegar umferðarmál eru annars vegar, og var því framhaldið á árinu. Sérstakur myndavélabíll var áfram til staðar, og var hann óspart notaður við hraðamælingar, ekki síst í íbúðahverfum.

Í sumarbyrjun fékk Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu til afnota nýja, færanlega rauðljósa- og hraðamyndavél, en með tilkomu vélarinnar var t.d. hægt að fylgjast betur með umferð á fjölförnum gatnamótum í umdæminu þar sem slys og óhöpp höfðu verið tíð. Nýja eftirlitsmyndavélin var góð viðbót og efldi þá umferðarlöggæslu, sem þegar var haldið úti á höfuðborgarsvæðinu. Hún hefur verið hvað mest á stofnbrautum á morgnana og síðdegis þegar umferðin er mikil og þá gjarnan við stærstu gatnamótin í umdæminu. Með

29. janúar

VERUM SÝNILEG Í UMFERÐINNI

Að gefnu tilefni áréttar lögregla nauðsyn þess að vegfarendur séu sýnilegir í umferðinni, hvort heldur gangandi, akandi eða hjólandi. Öll berum við ábyrgð í umferðinni og undir hverjum og einum komið að standa undir. Lögreglan hvetur því öllum til að gæta að ljósabúnaði bifreiða sinna og tryggja að hann sé í lagi, hjólandi öllum til að virða reglur um ljósabúnað bæði að framan og aftan og gangandi vegfarendur að bera endurskin í skammdeginu.

Þá hvetur lögreglan og hlaupahópa sem eru víða á höfuðborgarsvæðinu til að vera svo sýnilegir sem hægt er í skammdeginu og ekki síður að gæta að umferðarreglum þegar farið er yfir götur, sér í lagi að nota gangbrautir þar sem þær eru. Á þessu hefur verið misbrestur.

lrh.is

Þessu, og fleiri aðgerðum, hefur lögreglan reynt að hægja á umferð, auka árvekni ökumanna og öryggi á stöðum þar sem slyshætta er mikil. Þetta verklag hefur gefist vel að mati lögreglu og var því framhaldið. Eftirlitsmyndavélin var fyrst sett upp á Sæbraut í Reykjavík. Mörg stór ljósastryð gatnamót eru á Sæbraut, en það var von lögreglu að vélin yrði til þess að öllum gættu betur að öryggi sínu og annarra þegar þeir færu þar um.

Sjálfsagt kannast flestir við mikla umferð á stofnbrautum, eins og áður var minnst á, en lögreglan benti öllum á þann möguleika að haga ferðatíma sínum með öðrum hætti. Birtar voru tölur sem sýndu fjölda ökutækja sem ók nokkrar valdar götur í Reykjavík, en samkvæmt þeim jókst umferðarpunginn smátt og smátt frá klukkan sjö að morgni og náði hámarki þegar klukkuna vantaði tíu mínútur í átta. Það að leggja tíu til tuttugum mínútum fyrr eða seinna af stað gat því sannarlega sparað öllum tíma í umferðinni. Ekki var hægt að greina breytingar á umferðinni eftir að lögreglan vakti sérstaka athygli á þessu. Umferðareftirlit Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu var annars með hefðbundnum hætti árið 2014. Eitt af þeim daglegu verkefnum var að sinna eftirliti með ölvunar- og fíkniefnaakstri, en í jólamánuðinum er það ávallt aukið til mikilla muna. Þetta árið voru hátt í þrjú þúsund öllum stöðvað-ir í desember, en markmiðið var að vekja athygli á þeirri hættu sem stafar af ölvunar- og fíkniefnaakstri.





30. apríl

HRÆÐAKSTUR Á ÁLFTANESVEGI

Brot 70 ökumanna voru mynduð á Álftanesvegi í dag. Fylgst var með ökutækjum sem var ekið Álftanesveg í austurátt, við Gálgahraunsveg. Á einni klukkustund, eftir hádegi, fóru 224 ökutæki þessa akstursleið og því ók næstum þriðjungur ökumanna, eða 31%, of hratt eða yfir afskiptahraða. Meðalhraði hinna brotlegu var 67 km/klst en þarna er 50 km hámarkshraði. Fimm óku á 80 km hraða eða meira en sá sem hraðast ók mældist á 87.

Vöktun lögreglunnar á Álftanesvegi er liður í umferðareftirliti hennar á höfuðborgarsvæðinu.

lrh.is

Umferðarlagabrot

Umferðarlagabrotum fjölgaði mikið á höfuðborgarsvæðinu árið 2014, og þá fyrst og fremst hraðakstursbrotum. Þau voru margfalt fleiri en árið á undan og eru samt ekki öll hraðakstursbrot í umdæminu talin með! Undanskilin eru hraðakstursbrot sem stofnað var til með hraðamyndavélum Vegagerðarinnar. Samkvæmt skráningu lögreglunnar fjölgaði hraðakstursbrotum um næstum 100% á milli ára, en ökumenn eru samt ekkert endilega verri nú en áður. Oft mældust ökutæki lítilla yfir leyfðum hámarkshraða, en stundum vel eða langt yfir. Því miður voru líka allnokkur dæmi um ofsakstur í umdæminu, en í einu slíku mældist bíll á tæplega 200 km hraða á Reykjanesbraut í Garðabæ. Ökumaðurinn, 17 ára piltur, var færður á lögreglustöð og sviptur ökuréttindum til bráðabirgða. Við honum blasti ótímabundið akstursbann og að sæta ákæru fyrir svo vítaverðan akstur.

Eins og áður sagði voru fjölmargir ökumenn staðnir að hraðakstri í umdæmi Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu árið 2014. Hraðakstursbrot voru um 17.000, en stofnað var til rúmlega þriðjungs

5. september

FÍKNIEFNAMÁL Í HAFNARFIRÐI

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu lagði hald á um 350 g af marjúana, tæplega 100 e-töflur og lítilræði af amfetamíni við húsleit í þremur fjölbýlishúsum og einni bifreið í Hafnarfirði í gær. Fjórir karlar á þrítugs- og fertugsaldri voru handteknir í þessum aðgerðum, en málin tengjast ekki. Í einu húsanna voru börn á heimilinu og voru barnaverndaryfirvöld upplýst um málið. Til viðbótar þessu hafði lögreglan afskipti af fimm körlum í Hafnarfirði í gærkvöld, en þeir voru stöðvaðir á ýmsum stöðum í bænum. Í fórum mannanna, sem eru á þrítugs- og fertugsaldri, var að finna neysluskammta af MDMA, amfetamíni og kannabis.

lrh.is

þeirra, eða 6.000, með hraðamyndavélum Vegagerðinnar í Hvalfjarðargöngum og á Kjalarnesi. Þrátt fyrir fjölda brota á þessum tilteknu stöðum á Þjóðvegi 1 hefur brotahlutfallið þar verið lágt. Önnur hraðakstursbrot áttu sér stað viðs vegar á höfuðborgarsvæðinu, ekki síst í íbúðahverfum í sveitarfélögum. Myndavélabíll lögreglunnar var mikið á ferðinni, en hann var m.a. notaður til að fylgjast með hraðakstri í nágrenni leik- og grunnskóla í umdæminu. Allar niðurstöður hraðamælinga myndavélabílsins eru sendar viðkomandi sveitarfélögum, sem geta þá brugðist við ef ástæða er til, m.a. með hraðahindrandi aðgerðum eins dæmi eru um. Um 830 ökumenn voru teknir fyrir ölvunarakstur á höfuðborgarsvæðinu þetta árið, sem eru nokkru færri en árið á undan. Mun fleiri voru hins vegar teknir fyrir fíkniefnaakstur í umdæminu árið 2014, eða um 1.000, og fjölgaði þeim mikið á milli ára. Í fyrsta sinn voru brot vegna aksturs undir áhrifum ávana- og fíkniefna fleiri heldur en ölvunarakstursbrot.

Ótal fleiri umferðarlagabrot komu á borð lögreglu, en árið 2014 stöðvaði hún rúmlega 700 ökumenn á höfuðborgarsvæðinu sem höfðu þegar verið sviptir ökuleyfi, og er það veruleg fjölgun mála á milli ára. Um 250 ökumenn voru enn fremur teknir í umferðinni af þeirri ástæðu að hafa aldrei öðlast ökuréttindi. Fjölmargir áttu líka erfitt með að bíða eftir grænu ljósi á gatnamótum í umdæminu, en 670 ökumenn voru staðnir að því að aka gegn rauðu ljósi. Lögreglan hafði einnig afskipti af liðlega 470 ökumönnum sem töluðu í síma við akstur án þess að nota handfrjálсан búnað, en hinir sömu fengu líka sekt fyrir vikið. Ekkert lát var heldur á stöðubrotum í umdæminu, en þetta árið voru þau rúmlega 6.000, sem er ámóta og 2013. Lögreglan hélt enn fremur áfram að fjarlægja skráningarnúmer af bifreiðum sem voru ýmist ótryggðar eða óskoðaðar, og jafnvel hvort tveggja. Af þessum ástæðum voru fjarlægð 2.750 skráningarnúmer af bifreiðum á höfuðborgarsvæðinu árið 2014.



8. september

LJÓ SABÚNAÐI ÖKUTÆKJA ÁFÁTT

Rúmlega tuttugu ökumenn voru stöðvaðir á höfuðborgarsvæðinu um helgina en ljósabúnaði ökutækja þeirra var áfátt. Ýmist vantaði ljós að framan eða aftan en ökumönnunum var góðfúslega bent á að skipta um þerur, öryggi eða annað það sem bilað var. Sem fyrr hvetur lögreglan ökumenn til að huga sérstaklega að ljósabúnaðinum. Hann þarf alltaf að vera í lagi og ekki síst í skammdeginu.

Lögreglan stöðvaði líka nokkra ökumenn um helgina sem voru að tala í síma án þess að notast við handfrjálstan búnað. Slíkt er því miður alltof algengt í umferðinni enda er nauðsynlegt að vera með fulla athygli við aksturinn. Í þessu samhengi má líka nefna sms-skilaboð, en þau á auðvitað ekki að skrifa og/eða lesa meðan á akstri stendur.

lrh.is

Fréttir úr umferðinni

Sumir ökumenn láta sér ekki segjast og þá má með réttu kalla síbrotamenn í umferðinni, en hinir sömu koma stundum við sögu hjá lögreglu með mjög stuttu millibili. Einn slíkur var tekinn fyrir fíkniefnaakstur á höfuðborgarsvæðinu um miðjan apríl. Sá var stöðvaður tvisvar einn laugardaginn, fyrst í Árbæ snemma morguns og svo aftur um kvöldið, en þá í Bústaðahverfinu og enn þá óhæfur til að stjórna ökutæki. Viðkomandi, karl á þrítugsaldri, sem hafði aldrei öðlast ökuréttindi, var orðinn allþekktur hjá lögreglu fyrir brot sín. Annar síbrotamaður var tekinn í umdæminu síðustu helgina í júní, en sá var sömuleiðis undir áhrifum fíkniefna við stýrið. Um var að ræða átján ára pilt, en kauði var stöðvaður tvisvar á sama sólarhringnum. Fyrst í Ártúnsholti aðfaranótt laugardags og svo á nýjan leik í Grafarvogi nóttina á eftir. Þá hafði pilturinn komist yfir aðra bifreið og hugðist halda uppteknum hætti, en hann hafði enn fremur verið stöðvaður fyrir fíkniefnaakstur í fleiri skipti í þessum sama mánuði þótt ótrúlegt megi virðast.

Ólöglegar lagningar ökutækja nærri íþróttavöllum hafa í gegnum tíðina oft verið vandamál og það er ekki alveg úr sögunni. Á árinu 2014 áttu ökumenn það enn þá til að leggja sem næst leikvöngum og þá upp á graseyjum, gangstéttum og göngustígum. Í stöku tilvikum var einnig lagt á og við gangbrautir. Bent var á að brot sem þessi bjóða heim hættu fyrir gangandi vegfarendur, skapa vandræði fyrir almenningssamgöngur og valda skemmdum hjá

13. október

AFBROTATÖLFRÆÐI LRH - TILKYNNTUM INNBRÖTUM FÆKKAR

Afbrotatölfræði lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu fyrir septembermánuð 2014 hefur verið birt. Í skýrslunni eru teknar saman upplýsingar um helstu afbrot sem hafa verið tilkynnt til lögreglu. Fjallað er um þróunina á síðustu 13 mánuðum og tölur það sem af er ári bornar saman við sama tímabil síðustu þriggja ára.

Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu bárust 633 tilkynningar um hegningarlagabrot sem áttu sér stað í september. Þar af var rúmlega helmingur tilkynninganna vegna þjófnaða, 351 talsins, sem er aðeins yfir meðaltali síðustu 12 mánaða. Tilkynningum um þjófnaði hefur þó fækkað um 11 prósent samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára. Á milli mánaða fækkar innbrotum þó nokkuð eftir að hafa verið að fjölga undanfarna mánuði. Tilkynnt var um 64 innbrot, þar af 27 í heimahús. Heimilisofbeldismálum fjölgaði miðað við síðasta mánuð, en fjöldi tilkynninga hefur sveiflast nokkuð á undanförunum mánuðum. Í fyrsta sinn á árinu var ekki skráð neitt ofbeldisbrot gagnvart lögreglumanni í mánuðinum, sem eru gleðitíðindi miðað við þá þróun sem hefur átt sér stað síðastliðna mánuði.

lrh.is

sveitarfélögum. Jafnframt geta svona stöðubrot gert mjög erfitt fyrir þegar um neyðarakstur lögreglu, slökkviliðs og sjúkraliðs er að ræða. Flestir hafa meðtekið skilaboðin, en ekki alveg allir og því er viðbúið að þeim verði áfram haldið á lofti. Margir fengu einmitt sekt vegna þessa og sömuleiðis voru ófatlaðir ökumenn sektaðir fyrir að leggja í bifreiðastæði sem voru sérmerkt fötluðum.

Ekki voru allir sáttir sem fengu sekt vegna stöðubrots í umdæminu, en einhverjir þeirra töldu sig hafna yfir umferðarlög og að um þá giltu einfaldlega aðrar reglur. Slíkar skýringar hefur Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu oft fengið að heyra í gegnum tíðina og lætur þær ávallt sem vind um eyru þjóta. Ekki skortir heldur skýringar hjá þeim sem eru teknir fyrir hraðakstur, en á fyrri hluta ársins var karl á fertugsaldri staðinn að hraðakstri á Reykjanesbraut, sunnan Hafnarfjarðar. Bíll hans mældist á 155 km hraða, en maðurinn sagðist hafa verið að flýta sér til að ná flugi til útlanda og þótti það ekkert athugasvert, en ökupórinn reyndist einnig ölvaður og fannst það bara líka í góðu lagi. Oftar en ekki bera ökumenn það fyrir sig að þeir hafi verið að flýta sér í vinnuna, og þá virðast jarðarfargestir oft vera á síðustu stundu og þurfa því að aka hratt að eigin sögn.

Mestu vonbrigðin í umferðinni á árinu, ef þannig má að orði komast, voru þau að umferðarslysum á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði. Að meðtali varð eitt umferðarslys á dag í umdæminu árin 2012 og 2013, eða sjö á viku. Þetta árið voru þau hins vegar átta á viku, eins og áður hefur komið fram, og þeirri þróun verður að snúa við. Undanfarin ár hefur Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu skorað á ökumenn í ársbyrjun að gera betur og fækka slysum, og full ástæða er til að halda því áfram. Einnig er tilefni til að beina þessu að hjólréiðamönnum, en reiðhjólasylysum hefur fjölgað á undanförunum árum. Árið 2014 voru hátt í 100 reiðhjólasylysum tilkynnt til Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, en í þeim slösuðust 93 hjólréiðamenn. Hér er því verk að vinna.



15. október

ÞAKKIR TIL VEGFARENDA

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu vill koma á framfæri þakklæti til vegfarenda sem veittu lögreglu aðstoð á Gullinbrú í gærmorgun þar sem alvarlegt umferðarslys varð. Vegfarendur aðstoðuðu lögreglu við að koma slösuðum einstaklingi til hjálpar, en slík aðstoð er ómetanleg þegar á þarf að halda.

lrh.is

Brunar og íkveikjur

Stórbruni varð í Skeifunni í Reykjavík í júlí, en eldurinn kviknaði í húsnaði Fannar. Í tilkynningu til Neyðarlínunnar var talað um mikinn reyk og brunalykt á vettvangi og reyndist svo vera þegar lögreglan kom á staðinn. Slökkviliðið kom í kjölfarið og fór strax að berjast við eldinn. Einnig var farið í að rýma nærliggjandi fyrirtæki og verslanir, en nokkur samliggjandi hús eru á þessum byggingarreit. Ljóst var að um mikinn eld var að ræða og var viðbúnaðurinn eftir því, en fjöldi manna frá lögreglu, slökkviliði og björgunarsveitum var við störf á og við vettvanginn. Götum umhverfis brunastaðinn var lokað og svæðið girt af, en hópur forvitinna vegfarenda safnaðist þar saman viðbragðsaðilum til armæðu. Sumir áttu erfitt með að virða lokanir og jafnvel fólk með smábörn reyndi að komast nær vettvangi svo ótrúlega sem það kann að hljóma. Mikinn og þykkann reyk lagði frá brunastaðnum, en það var lán í óláni að veður var með skaplegasta móti þetta eftirminnilega sunnudagskvöld í júlí. Tjónið skipti hundruðum milljóna, en engan sakaði þó í eldsvoðanum og var það auðvitað fyrir mestu.

8. janúar

BRUNI - VITNI ÓSKAST

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu leitar vitna að bruna á Stýrimannastíg í Reykjavík föstudaginn 20. desember sl., en þá eyðilögðust tvær bifreiðar í eldsvoða. Tilkynning um brunann barst lögreglu klukkan 21.05 þetta sama kvöld, en um var að ræða rauðan Renault Clio RN og svartan Hyundai I10. Þeir sem geta gefið upplýsingar um málið eru vinsamlegast beðnir um að hafa samband við lögregluna í síma 444-1000. Upplýsingum má einnig koma á framfæri í tölvupósti á netfangið abending@lrh.is eða í einkaskilaboðum á fésbókarsíðu lögreglunnar.

lrh.is

Rannsókn Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á brunanum í Skeifunni tók á aðra viku, en að henni unnu sérfræðingar embættisins, auk annarra sérfræðinga sem hún leitaði til, t.d. frá Mannvirkjastofnun. Niðurstaða rannsóknarinnar var að eldur hefði komið upp í húsnæði þar sem Fönn rak þvottahús og efnalaug. Nánar tiltekið í einnar hæðar byggingu á norðurhluta lóðarinnar, í miðbyggingu þar sem verslunin Víðir er með starfsemi í austurhluta og verslunin Griffill í vesturhluta. Eldsupptök voru í og við þvottagrindur, sem stóðu við strauvélar. Sjálfsíkveikja varð þar vegna hita og oxunar eftir þvott og við þurrkun, í stafla af bómullarblönduðu efni. Þegar sjálfsíkveikja verður er hiti orðin mikill í rýminu, sem leiðir til hraðrar útbreiðslu eldsins.

Útköll vegna bruna á höfuðborgarsvæðinu árið 2014 voru annars fjölmörg, en í júní var kona á áttæðisaldri flutt á slysadeild eftir eldsvoða á hjúkrunarheimili í borginni. Hún lést þar af sárum sínum nokkrum dögum síðar. Mánuði fyrr kviknaði eldur í íbúð fjölbýlishúss í Breiðholti í Reykjavík. Skiljanlega var mikil hættu á ferðum, en rannsókn lögreglu leiddi í ljós að um íkveikju var að ræða. Sama átti við þegar færanlegar kennslustofur við Rimaskóla í Grafarvogi eyðilögðust í bruna. Eldurinn kviknaði eftir að ungur drengur var að fikta með eld. Ekki var um ásetning að ræða, heldur slysi. Rætt var við drenginn og foreldra hans með aðstoð barnaverndar-yfirvalda.



21. febrúar

FÍKNIEFNI OG VOPN

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu lagði hald á fíkniefni og vopn við húsleit í íbúð fjölbýlishúss í Reykjavík í fyrradag. Um var að ræða um 200 grömm af því sem talið er vera amfetamín og kókaín, en auk þess var lagt hald á kannabisefni. Í íbúðinni fundust einnig loftskambyssa, stálkyfja, kaststjörnur úr járn, veiðihnífar og exi, og var það sömuleiðis tekið í vörslu lögreglunnar. Á vettvangi voru þrjár karlar, á þrítugs- og fertugsaldri, en þeir voru allir handteknir og fluttir á lögreglustöð. Ungt barn var sömuleiðis í íbúðinni og því voru fulltrúar barnaverndaryfirvalda kallaðir á staðinn svo hægt væri að gera viðeigandi ráðstafanir í þágu þess. Húsleitin var framkvæmd að undangengnum dómsúrskurði.

Aðgerðin er liður í að hamlá gegn sölu og dreifingu fíkniefna. Sem fyrr minnr lögreglan á fíkniefnasímann 800-5005. Í hann má hringja nafnlaust til að koma á framfæri upplýsingum um fíkniefnamál. Fíkniefnasíminn er samvinnuverkefni lögreglu og tollyfirvalda og er liður í baráttunni við fíkniefnavandann.

lrh.is

Gabb

Ekki áttu allar tilkynningar til Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu árið 2014 við rök að styðjast, en í einni þeirra var um að ræða neyðarkall frá skipverja sem sagði bát sinn vera að sökkva. Viðamikil leit hófst að bátnum, en seinna kom á daginn að tilkynningin var vísitandi röng. Það var á sunnudegi í febrúar, laust fyrir klukkan þrjú síðdegis, sem neyðarkallið barst á rás til Landhelgisgæslunnar frá báti úti við Faxaflóa. „Báturinn er farinn að leka mikið og við erum að fara í flotgallana,“ sagði m.a. í tilkynningunni. Brugðist var skjótt við og hófst mikil leit að bátnum, enda málið grafalvarlegt. Reynt var árangurslaust að ná aftur sambandi við tilkynnanda, en engar frekari upplýsingar voru um bátinn eða staðsetningu hans.

Báturinn fannst ekki þrátt fyrir viðamikla leit, en er á leið vaknaði grunur um vísitandi ranga tilkynningu senda til vaktstöðvar neyðarsímsvörunar. Málið var til rannsóknar hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, sem birti hljóðupptöku af neyðarkallinu. Þeir sem þekktu röddina og töldu sig vita hver þarna talaði voru vinsamlegast beðnir um að hafa samband við lögregluna í síma 444-1000, en upplýsingum mátti einnig koma á framfæri á netfangið abending@lrh.is eða í einkaskilaboðum á fésbókarsíðu embættisins. Málið, sem er óupplýst, vakti mikla athygli, en þúsundir manna hlustuðu á hljóðupptökuna, bæði á samfélagsmiðlum og í helstu fjölmiðlum landsins. Þess má geta að það varðar sektum eða fangelsi að kalla eftir hjálp lögreglu, eða annars hjálparliðs, að ástæðulausu.





31. janúar

MEIRA ÓNÆÐI

Það er oft vandlifað, ekki síst fyrir þá sem búa í hljóðbærum fjölbýlishúsum. Árilega berast lögreglu fjölmargar tilkynningar þar sem kvartað er undan hávaða, en mál sem þessi getur verið snúið að leysa. T.d. ef hrotur eins íbúa halda vöku fyrir öðrum og líka ef einhver er gjarn á að fá martraðir og vaknar síðan alltaf upp með hljóðum. Háttstillt vekjaraklukka getur líka skapað vandamál eins og dæmin sanna, en ein slík vakti heimilishund í íbúð í ónefndri blokk í Reykjavík. Við lætin í klukkunni fór nefnilega hundurinn í næstu íbúð að gelta linnulaust, en eigandi vekjaraklukkunnar hringdi í lögregluna og kvartaði undan óðum hundi nágrannans! Lögreglan kom auðvitað á staðinn, en þá hafði hundurinn róast og ekki var þörf á frekari inngripum.

Menningarnótt

Þúsundir manna voru á menningarnótt Reykjavíkur í miðborginni í ágúst, en talið er að gestir hafi verið um 100 þúsund þegar mest var. Lögreglan hafði mikinn viðbúnað og að venju hafði hún í nógu að snúast, en útköllum fjölgaði eftir því sem á leið. Verkefni tengd umferðarmálum voru áfram fjölmörg, en nokkur umferðaróhöpp voru tilkynnt til lögreglunnar. Að venju bar töluvert á að ökutækjum væri illa og/eða ólöglega lagt í og við miðborgina, en höfð voru afskipti af um 1.100 ökutækjum vegna þessa. Að öllu samanlögðu verður þó ekki annað sagt en að umferðin hafi gengið bara bærulega á menningarnótt, ekki síst þegar kom að því að greiða fyrir umferð úr miðborginni að lokinni flugeldasýningu. Hún var mikið sjónarspil og sást víða að, enda veðurskilyrði nokkuð hagstæð.

Að venju voru höfð afskipti af fólki vegna ölvunar og fíkniefnaneyslu, en áfengi var tekið af allmörgum unglingum og því hellt niður. Ölvaðir unglingar voru sömuleiðis færðir í athvarf þangað sem foreldrar og forráðamenn sóttu þá. Er leið á nóttina fóru að berast

22. ágúst

MENNINGARNÓTT - HESTAR Í HAGA

Að gefnu tilefni eru hrossa- og gæludýraeigendur beðnir um að huga að dýrum sínum vegna flugeldasýningar menningarnætur sem hefst kl. 23 annað kvöld. Sérstaklega eru eigendur hesta beðnir um að gera ráðstafanir vegna hesta í haga.

lrh.is

nokkrar kvartanir vegna hávaða í heimahúsum, en slíkt er viðbúið um helgar og var ekki meira en við mátti búast. Fangageymslur lögreglustöðvarinnar á Hverfisgötu í Reykjavík voru fullnýttar á menningarnótt, en ástand þeirra sem þar gistu var heldur bágborið eins og gefur að skilja. Á annan tug líkamsárása voru tilkynntar til lögreglu á menningarnótt, og töldust flestar minni háttar. Fáein fíkniefnamál komu líka til kasta lögreglu og þá barst henni tilkynning um eitt rán í miðborginni.

Lögreglan naut aðstoðar ýmissa aðila á menningarnótt, m.a. björgunarsveitarmanna. Samstarfið gekk mjög vel og voru hlutaðeigandi aðillum færðar kærar þakkir fyrir aðstoðina. Á heildina litið lítur lögreglan svo á að menningarnótt hafi farið ágætlega fram, þótt gestir miðborgarinnar geti auðvitað gert betur þegar kemur að því að leggja löglega og virða lokanir. Líkt og áður notaði Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fésbókarsíðu embættisins til að miðla ýmsum upplýsingum á menningarnótt, sérstaklega þó þeim er sneru að umferðarmálum, og var því mjög vel tekið.





1. apríl

VIÐBÚNAÐUR Á HRINGBRAUT Í REYKJAVÍK

Kona á fimmtugsaldri var handtekin í íbúð við Hringbraut í Reykjavík í dag, eftir að tilkynning barst lögreglu á fimmta tímanum um aðila með skotvopn. Engum skotum var hleypt af, en við leit í íbúðinni fannst eftirlíking af haglabyssu. Lögreglan var með mikinn viðbúnað vegna málsins og lokaði af svæði í nágrenni íbúðarinnar. Sérsveit ríkislögreglustjóra var kölluð til og handtók hún konuna, sem hefur áður komið við sögu hjá lögreglu.

lrh.is

Óvenjuleg verkefni

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu sendi frá sér heldur óvenjulega fréttatilkynningu vegna umfjöllunar fjölmiðla um innbrotstilraun sorphirðumanna í einbýlishús í austurborginni í apríl. Í tilkynningunni var því komið á framfæri að hvorki var um innbrot né innbrotstilraun að ræða. Þetta var niðurstaða rannsókna, sem leiddi jafnframt í ljós að vinnubrögð sorphirðumanna í þessu tilviki voru með öllu eðlileg. Einn sorphirðumannanna fór með höfuðlykil að umræddu húsi til að aðgæta hvort sorptunna kynni að vera innan við dyr að bílskúr, enda sorptunnur ekki alltaf sjáanlegar og oft geymdar á bak við læstar dyr. Af þeim sökum er höfuðlykla að sorpgeymslum að finna í ruslabilum. Fljótt kom á daginn að lykillinn gekk ekki að skránni og því ljóst að enga ruslatunnu var að finna þar innan dyra. Þess var líka getið í tilkynningu lögreglunnar að engar skemmdir urðu á hurðinni vegna þessa.

Svo heppilega vildi til í árslok að tveir lögreglumenn voru við umferðareftirlit á gatnamótum Miklubrautar og Grensásvegur í Reykjavík þegar barnshafandi kona og maðurinn hennar óku þar

24. september

AKSTUR KREFST ATHYGLI

Að stjórná ökutæki krefst mikillar athygli og því er eins gott að ökumenn séu vel upplagðir þegar þeir setjast undir stýri. Þetta er rifjað upp hér því á fjölförnum gatnamótum í borginni steinsofnaði ökumaður á háannatíma í morgunumferðinni. Ekki hlaut slys af, en ökumaðurinn sofnaði á meðan hann beið eftir grænu ljósi. Þeir sem á eftir komu töldu vafalaust að bill viðkomandi væri bilaður því ekki hreyfðist hann úr stað þegar kviknaði á græna ljósinu. Einhverjir flautuðu, en flestir skiptu um akrein til að komast leiðar sinnar. Þó voru tveir ökumenn sem námu staðar og fóru út úr bílum sínum til kanna hvort eitthvað amaði að. Bankað var á glugga hins kyrrstæða bíls á gatnamótunum og kallað á ökumanninn, sem virtist rænulaus. Hann vaknaði loks og ók rakleitt af stað, en þá logaði aftur grænt ljós fyrir akstursstefnu hans. Ekki er annað vitað, en hinn þreytti ökumaður hafi komist heill á áfangastað, en því miður er þetta atvik ekki einsdæmi.

lrh.is

um. Konan var komin með hríðir og barnið væntanlegt í heiminn á hverri stundu og því lá henni á að komast strax á fæðingardeildina, en töluverð umferð var þegar þetta átti sér stað. Hér mátti engan tíma missa og því fengu hjónin lögreglufylgd með forgangi á Landspítalann, en þar fæddist þeim myndarleg dóttir fáeinum mínútum síðar. Að sjálfsögðu var þetta eftirminnlegasta verkefni umræddra lögreglumanna á vaktinni þann daginn, en lögreglan hefur sinnt mörgum aðstoðarbeiðnum af þessu tagi í gegnum árin.

Það gerist stundum að lögregla er kölluð til í málum þar sem fólk framvísar fölsuðum skilríkjum. Í ársbyrjun reyndi 17 ára piltur að kaupa áfengi í ÁTVR, en sá týndi til vínföng, líkt og aðrir viðskiptavinir, og fór síðan að afgreiðslukassanum og hugðist greiða fyrir veigarnar. Hvort hann var borubrattur eða taugastrekkur þegar þarna var komið, er ekki vitað, en bjartsýnn var pilturinn þegar hann rétti afgreiðslumanninum skilríki eins og óskað var eftir. Samkvæmt þeim var pilturinn kominn vel á þrítugsaldur, en það sá afgreiðslumaðurinn að gat engan veginn staðist og kallaði til lögreglu. Pilturinn játaði brot sitt skýlaust, en hann átti sjálfur hin fölsuðu skilríki og hafði þar breytt fæðingarári sinu svo munaði allnokkru.

Lögreglan var með töluverðan viðbúnað þegar tilkynnt var um grímuklæddan innbrotsþjóf á bifreiðastæði í Kringlunni í Reykjavík í október, en sá var sagður vera að brjótast inn í bíl. Einhverjir vegfarendur hringdu í Neyðarlínuna vegna þessa, en nokkur lögreglu-tæki óku með forgangi á vettvang. Innbrotsþjófurinn reyndist vera sjónvarpsmaður, sem var að taka upp myndefni fyrir skemmtipátt og var tilgangurinn að kanna viðbrögð almennings. Sjónvarpsmaðurinn og aðstoðarmaður hans, sem var með í ráðum, fengu bággt fyrir.



20. ágúst

AUKIÐ UMFERÐAR- EFTIRLIT Á HÖFUÐBORGAR- SVÆÐINU

Vegna skólabyrjunar í þessari viku má búast við stóru aukinni umferð í bítið á morgnana og síðdegis. Lögregla hvetur öllum til að gera ráð fyrir þessu í tímaáætlunum sínum. Lögregla mun á sama tíma auka sýnilegt eftirlit á stofnæðum höfuðborgarsvæðisins sérstaklega, en einnig í íbúðahverfum í nágrenni við grunnskóla. Markmiðið er sem fyrr að minna öllum á að fara varlega í umferðinni.

lrh.is

Lögreglan og samfélagsmiðlar

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur frá upphafi lagt mikla áherslu á miðlun upplýsinga, og m.a. nýtt til þess lögregluvefinn um margra ára skeið. Í seinni tíð hafa ýmsir samfélagsmiðlar bæst við og gegna þeir nú sífellt mikilvægara hlutverki. Fésbókin hefur haft ákveðna sérstöðu, en í upphafi ársins tók embættið í notkun samfélagsmiðilinn Pinterest til að deila upplýsingum um óskilamuni. Þar eru birtar myndir af öllum óskilamunum sem lögreglunni berast, t.d. reiðhjólum, farsímum og skartgripum svo eitthvað sé nefnt, en mikill fjöldi óskilamuna berst Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu á hverju ári. Tilgangurinn með þessari nýjung var að fjölga þeim óskilamunum sem rata aftur í réttar hendur. Jafnframt gátu borgarar nú með einföldum hætti kannað hvort týndir munir í þeirra eigu væru í vörslu lögreglu. Gott var að ganga úr skugga um slíkt oftar en einu sinni því nokkur tími gat liðið frá því að hlutur glataðist og þar til hann barst lögreglu. Pinterestsíðuna má finna á www.pinterest.com/logreglan, en á henni er að finna myndir af óskilamunum sem hafa borist lögreglu frá 1. janúar 2014.

14. nóvember

BREIÐHOLT


Það vantaði ekki áhugann þegar lögreglan hitti fulltrúa Breiðhyltinga að máli á árlegum svæðafundi, sem haldinn var í gær. Fjölmenni var á fundinum og umræðurnar líflugar og skemmtilegar. Fundargestir klöppuðu sérstaklega fyrir lögreglumönnum sem þeim þótti hafa staðið sig vel þegar málefni Breiðhyltinga eru annars vegar. Hinir sömu voru auðvitað ánægðir með hrósið, en Breiðhyltingar vilja hafa góð tengsl við lögregluna og sakna þess tíma þegar hún var með fasta viðveru í hverfinu.

Einn fundargesta velti upp þeirri athyglisverðu hugmynd hvernig íbúar í hverfinu gætu stutt lögregluna og sá ýmsa möguleika í þeim efnum. Í því samhengi var m.a. rætt um hvernig auka mætti öryggi og öryggistilfinningu íbúanna. Fulltrúum lögreglunnar leist vel á þessar hugmyndir og fagna samstarfi á þessu sviði sem öðrum. Líkt og á öðrum svæðafundum fór nokkur tími í að fara yfir stöðu mála og þróun brota.

lrh.is

Í mars gaf embættið út snjalltækjaforritið *Lögregluþjónninn*. Í Lögregluþjónninum er á einum stað hægt að sjá alla samfélagsmiðla sem Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu heldur úti. Stærstu kostir þessa snjalltækjaforríts, fyrir þá sem vilja fylgast með lögreglunni, eru að þar er hægt að finna alla miðla embættisins á einum handhægum stað. Alla netþjónustu, fésbókina, Twitter, óskilamuni á Pinterest, auk annars, er þar að finna. Til viðbótar getur Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu sent út þrýsti-skilaboð (push notifications) sem berast til notenda forrísins í neyðartilvikum. Hægt var að ná í *Lögregluþjónninn* á Android og Apple snjalltæki á viðeigandi stöðum, Google Play Store eða App Store.

Twitter var ein margra leiða til að fylgjast með störfum Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, en fylgjendum þar fjölgaði mikið þegar embættið tók þátt í alþjóðlegu tíst-maraboni í tvisgang árið 2013. Þetta árið var boðið upp á netspjall með lögreglustjóranum í beinni útsendingu, en hann fór yfir helstu verkefni embættisins og rýndi í tölfraði, auk þess að svara spurningum borgaranna um hvaðeina sem sneri að löggæslu. Hróður embættisins á Instagram barst víða árið 2014 og nánast til allra heimshorna, en skemmtilegar myndir af vinalegum lögreglumönnum við störf á höfuðborgarsvæðinu vöktu verðskuldaða athygli. Í árslok voru vinir Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á fésbókinni tæplega 68 þúsund manns og í kringum 150 þúsund fylgdust með henni á Instagram.





29. september

FRELSSVIPTING - TVEIR Í GÆSLUVARÐHALD

Tveir karlmenn, á tvítugs- og þrítugsaldri hafa verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald til 3. október n.k. á grundvelli rannsóknarhagsmuna vegna rannsókna á máli sem varðar frelssviptingu, rán og alvarlega líkamsárás.

Hinir grunuðu eru taldir hafa neytt karlmann á þrítugsaldri upp í bifreið, í Kópavogi, uppúr hádegi á laugardag og svipt hann frelsi sínu í nokkrar klukkustundir. Í kjölfarið hafi þeir beitt viðkomandi ofbeldi og kúgað fórnarlambið til að afhenda þeim fjármuni. Hinir grunuðu slepptu árársþola sem leitaði þá aðstoðar lögreglu. Brotþoli þurfti að leita sér aðhlyningar á slysadeild. Áverkar hans voru alvarlegir en þó ekki lífshættulegir. Hinir grunuðu hafa áður komið við sögu lögreglu.

Lögreglan getur ekki veitt frekari upplýsingar um málið að svo stöddu vegna rannsóknarhagsmuna.

lrh.is

Hverfa- og svæðafundir

Árlegir fundir fulltrúa Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu með lykilmál í öllum sveitarfélögum voru haldnir í október og nóvember, en þetta árið voru þeir þrettán talsins. Fundirnir voru hinir gagnlegustu, en á þeim gefst gott tækifæri til að skipast á skoðunum og spyrja spurninga. Þróun brota og staða mála á hverjum stað fyrir sig var áfram í brennidepli, en á fundunum birti embættið tölfræðiupplýsingar fundargestum til glöggvunar. Almennt var staðan nokkuð góð, þótt auðvitað sé alltaf hægt að gera betur og að því er sífellt stefnt. Nokkur tími fór í að ræða heimilisofbeldismál í umdæminu, en Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu boðaði breyttar áherslur í þeim efnum. Seint á árinu hófst vinna við innleiðingu á nýju verklagi vegna heimilisofbeldismála, en fulltrúar lögreglunnar á hverfa- og svæðafundunum skynjuðu mikinn áhuga fundarmanna á verkefninu.

Helstu niðurstöður úr könnuninni *Viðhorf til lögreglu, ótti við afbrot og reynsla af þeim*, sem gerð var á árinu, var kynnt á öllum fundunum, en í henni kom m.a. fram að 93% aðspurðra töldu Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu skila góðu starfi við að stemma stigu við afbrotum í umdæminu. Ámóta margir sögðust telja sig vera örugga í sínu hverfi eina á gangi að næturlagi. Hljóðið í fundarmönnum var enda gott, en þeir höfðu þó ýmislegt að leggja til málanna eins og jafnan áður. Umferðarmál eru sívinsælt umræðuefni og svo var líka nú, en víða hafa menn áhyggjur af hraðakstri í íbúðahverfum. Þetta hefur lögreglan heyrt oft áður, en hún fylgist einmitt sérstaklega með hraðakstri í íbúðahverfum, og þá ekki síst í nágrenni við leik- og grunnskóla. Á fundunum voru birtar niðurstöður hraðamælinga úr hverfunum.



11. nóvember

BRUNI Í BANKASTRÆTI

Tilkynnt var um eld í Hamborgarabúllunni í Bankastræti í Reykjavík á áttunda tímanum í kvöld. Greiðlega gekk að slökkva eldinn, en grunur leikur á að kviknað hafi í út frá feiti. Engan sakaði, en einhverjar skemmdir urðu í eldhúsi. Unnið er að reykræstingu. Rannsókn stendur yfir, en á þessu stigi liggja ekki fyrir upplýsingar um hugsanlegar reyskemmmdir í nærliggjandi fyrirtækjum.

lrh.is

Eitt og annað

Sigríður Björk Guðjónsdóttir tók við starfi lögreglustjóra hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu 1. september 2014. Sigríður var lögreglustjóri á Suðurnesjum 2009–2014 og aðstoðarríkislögreglustjóri 2007–2008. Þá var hún sýslumaður og lögreglustjóri á Ísafirði 2002–2006. Sigríður er fyrsta konan til að gegna starfi lögreglustjóra á höfuðborgarsvæðinu. Sigríður, sem lauk lögfræðiprófi frá HÍ 1993, útskrifaðist úr framhaldsnámi frá Kaupmannahafnarháskóla 1996 og lauk meistaranámi í Evrópurétti við Háskólann í Lundi 2002. Hún lauk diplómanámi í stjórnun við Lögregluskóla ríkisins og Endurmenntun HÍ 2004 og diplómanámi á meistarastigi í opinberri stjórnsýslu frá HÍ 2011. Sigríður, sem stundaði nám við evrópska lögregluskólann, CEPOL, 2004–2005, var formaður lögreglustjóraráfélags Íslands 2009–2010.

Störf lögreglumanna eru vandasöm og ekki síður varasöm, en þeir eiga á ýmsu von þegar samskipti við borgarana eru annars vegar.

12. mars

DÝRANÍÐ - UPPLÝSINGAR ÓSKAST

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir upplýsingum um mannaferðir og bílaumferð í og við Kirkjuland og Árvelli á Kjalarnesi, sl. laugardagskvöld og aðfaranótt sunnudags; 8–9 mars. Rannsóknin snýr að slæmri meðferð dýra. Ef einhver býr yfir upplýsingum sem varða málið er viðkomandi beðinn um að hafa samband í gegnum síma 444-1000 á dagvinnutíma, gegnum netfangið sigurdur.petursson@lrh.is eða einkaskilaboð gegnum fésbók Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

lrh.is

Drukkið fólk, eða undir áhrifum fíkniefna, bregst oft ókvæða við, en slíkt getur líka átt við um þá sem eru allsgáðir. Hótanir um líkamlegt ofbeldi, sem og líflátshótanir, er eitthvað sem lögreglumenn fá að heyra alltof oft. Einnig er reynt að múta þeim og svo mætti áfram telja. Á árinu 2014 var margsinnis ráðist að lögreglumönnum við skyldustörf í umdæminu og það var bæði slegið og sparkað til þeirra. Í mörgum tilvikum fóru lögreglumenn lemstraðir heim af vaktinni. Árið 2014 voru skráð um 60 ofbeldisbrot gegn lögreglumönnum hjá embættinu. Það eru ívið fleiri brot en árið á undan.

Í ágúst og september kannaði Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, í samstarfi við Ríkisskattstjóra, heimili og íbúðir á höfuðborgarsvæðinu þar sem gisting hafði verið auglýst í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum á borð við fésbókina og airbnb.com. Um var að ræða eftirlit með gistileyfum og skattskyldu tekna vegna sölu á gistingu. Unnið var úr þeim gögnum sem þarna söfnuðust, en fjórum heimilum/íbúðum var lokað, sem ekki höfðu leyfi til starfseminnar. Lögreglan og Ríkisskattstjóri héldu eftirliti þessu áfram og hvöttu þá sem hugðust leigja hús, íbúðir eða herbergi til ferðamanna að sækja um tilskilin leyfi áður en starfsemin hæfist.

Lögreglan naut áfram mjög mikils trausts hjá almenningi, en um það mátti m.a. lesa í Þjóðarpúlssi Gallup í mars. Þá var spurt um



2. október

KANNABISRÆKTUN - 150 PLÖNTUR HALDLAGÐAR

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði kannabisræktun í iðnaðarhúsnæði í austurborginni um sl. helgi. Við húsleit á áður nefndum stað var lagt hald á um 150 kannabisplöntur á ýmsum stigum ræktunar, auk búnaðar sem fylgir starfsemi af þessu tagi. Karlmaður á fimmtugsaldri var yfirheyrður í þágu rannsóknarinnar og játaði hann aðild sína að málinu, sem telst upplýst.

lrh.is

traust til sautján stofnana/embætta samfélagsins, en 83% aðspurðra sögðust treysta lögreglunni en þetta, ásamt mælingunni 2012, var besta útkoman sem hún hefur fengið frá því að Gallup hóf að kanna traust til stofnana fyrir allmörgum árum. Traust almennings til lögreglunnar hefur raunar aldrei verið meira en undanfarin ár og mælst um og yfir 80%. Markaðs- og miðlarannsóknir, MMR, hafa einnig framkvæmt slíkar skoðanakannanir, en lögreglan hefur einnig komið þar vel út.

Um 100 reiðhjól voru boðin upp hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu í maí. Þetta voru reiðhjól sem höfðu fundist í óskilum víða í umdæminu og enginn hirt um að sækja. Árið áður voru tilkynningar um stolin reiðhjól um 530. Ekki er ljóst hvað varð um meirihluta þeirra enda barst aðeins hluti hjólanna til embættisins. Algengt var að hjól bærust þangað nokkrum mánuðum eftir að þeim var stolið. Eigendunum nægði því sjaldnast að koma bara til lögreglu strax eftir þjófnaðinn, þeir urðu líka að koma aftur nokkrum vikum seinna til að fullreyna hvort hjólin væru í vörslu lögreglu eða ekki.





31. mars

ÖLVUNAR- OG FÍKNIEFNAAKSTUR

Tuttugu og sex ökumenn voru teknir fyrir ölvunar- og fíkniefnaakstur á höfuðborgarsvæðinu um helgina. Sautján þeirra voru stöðvaðir í Reykjavík, fjórir í Hafnarfirði, tveir í Garðabæ og Mosfellsbæ og einn í Kópavogi. Fjórir voru teknir á föstudagskvöld, þrettán á laugardag, sjö á sunnudag og tveir aðfaranótt mánudags. Þetta voru tuttugu og fimm karlar á aldrinum 19–46 ára og ein kona, 50 ára. Sjö þessara ökumanna höfðu þegar verið sviptir ökuleyfi.

lrh.is

Reiðhjólalöggæsla

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu tók í notkun sex sérútbúin lög-reglureiðhjól í maí. Lögreglustöð 5 fékk hjólin til afnota, en varðsvæði hennar er miðborgin, vesturbær Reykjavíkur og Seltjarnarnes. Lögreglumenn voru duglegir að nota reiðhjólin, sem sáust einkum í miðborginni yfir sumarmánuðina. Raunar er ekkert sem mælir gegn því að nota þau árið um kring, en þó verður auðvitað að taka mið af aðstæðum hverju sinni, aðallega veðrinu. Sumarið áður höfðu tveir lögreglumenn farið mikið um miðborgina á reiðhjólum, en hinir sömu fóru á námskeið erlendis í reiðhjólalöggæslu. Þeir voru áfram í reiðhjólaveit lögreglunnar, en segja má að eldmóður þeirra hafi kveikt áhuga annarra lögreglumanna á þessum fararskjótum. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu batt miklar vonir við verkefnið, en reiðhjólalöggæslan árið 2014 heppnaðist vel og þótti lofa góðu.

Reiðhjólalöggæsla var ekki alveg ný af nálinni hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, en hún hafði ekki áður verið með jafn öflugum hætti og nú var stefnt að. Með reiðhjólalöggæslu fæst enn fremur

eilítið önnur nálgun, en reiðhjól komast líka um þar sem bifhjóla getur ekki endilega notið við. Hvað þá heldur ef um er að ræða lögreglubíla. Kostir lögreglureiðhjóla eru því ótvírætt margir og geta þau nýst við ýmis tækifæri. Það á ekki síst við þegar mannfjöldi safnast saman líkt og á menningarnótt, í gleðigöngu eða á 17. júní. Þá getur verið torvelt fyrir lögregluna að komast leiðar sinnar í mannþrönginni í miðborginni ef sinna þarf útkalli. Lögreglumaður á reiðhjóli getur þá brugðist hraðar við en lögreglumaður á bíl. Lögreglureiðhjól hafa einnig verið til staðar á fleiri lögreglustöðvum í umdæminu og ekki alltaf legið óhreyfð.



INN

Lögreglan

Police

Afgreiðsla lögreglu og rannsóknardeildar
á hverfisgötu 113-115
er opin virka daga frá kl. 8-16.

Ef óskað er aðstoðar lögreglu utan opnunartíma,
vinsamlega hringið í síma **112**

Upplýsingasími Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu
er 444 1000. Hægt er að senda lögreglu
ábendingar á netfangið abending@lrh.is

if you need police assistance
please call the emergency number **112**

REKSTUR

Rekstur Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hefur lengi verið erfiður og engin breyting varð þar á árið 2014. Embættið hefur þurft að sýna aðhald og útsjónarsemi í fjármálum enda geta ófyrirséð útgjöld sett strik í reikninginn. Þetta eru ekki nýjar fréttir og hafa áður verið reifaðar í eldri ársskýrslum. Sífelld krafa um niðurskurð hefur heldur ekki orðið til þess að gera Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu auðvelt um vik. Engu að síður er löggæslukostnaður í umdæminu nú lægri, en hann var fyrir sameiningu lögregluliðanna á höfuðborgarsvæðinu*. Það verður að teljast athyglisverður árangur.

Áætlun embættisins fyrir árið 2014 gerði ráði fyrir að rekstur innan ársins yrði í jafnvægi, en krafan um niðurskurð þetta árið var 27 m.kr., sem er innan við 1% fjárheimilda. Bráðabirgðauppgjör gerði ráð fyrir 12 m.kr. halla, eða um 0,3% frávik frá fjárheimildum. Uppsafnaður rekstrarhalli Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hækkaði sem því nam, eða í um 117 m.kr., en það er um 3,1% frávik frá fjárheimildum ársins. Á tímabili stefndi í meiri halla, en með markvissum aðgerðum á seinni hluta ársins tókst að minnka hann.

Í árferði síðustu missera hefur reynt mikið á Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu, en niðurskurður á starfstíma embættisins nemur hundruðum milljóna. Fjárheimildir embættisins eru um einum milljarði lægri en þær voru við stofnun þess 1. janúar 2007*. Lækkunin er um 20%, og á sama tíma hefur ársverkum fækkað úr 437 í 363, eða um 17%. Þetta er mikill niðurskurður og hefur gert Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu að forgangsráða verkefnum sínum enn frekar.

*Á verðlagi ársins 2014.

Tafla 1 - Rekstur ársins 2014 - fjárhæðir í þ.kr.

	Áætlun	Endursk. áætl.	Bráðabirgðauppgjör
Rekstur	3.805.675	3.850.327	3.842.696
Fjárheimildir	3.805.700	3.830.434	3.830.434
Mism.	25	(19.894)	(12.262)
Eigið fé 31.12.13	(97.541)	(104.675)	(104.675)
Rekstrarniðurstaða (eigið fé 31.12.14)	(97.517)	(124.569)	(116.937)
Frávik m.v. fjárheimildir	-2,6%	-3,3%	-3,1%




Tafla 2 - Rekstrarreikningur í þ.kr. Bráðabirgðauppgjör 2014

	2014	2013
Tekjur		
Sértekjur	60.972	41.991
	<u>60.972</u>	<u>41.991</u>
Gjöld		
Launakostnaður	3.163.838	2.988.817
Ferðir o.fl.	48.793	45.417
Rekstur	86.183	97.537
Þjónusta	157.341	152.411
Húsnæði	229.431	190.599
Bifreiðar	181.181	185.844
Skattar, fjármagnskostn.	1.767	1.605
Tilfærslur	1.054	1.208
	<u>3.869.589</u>	<u>3.663.438</u>
Eignakaup	34.080	35.579
	<u>3.903.668</u>	<u>3.699.017</u>
Tekjuhalli fyrir ríkisframlag	(3.842.696)	(3.657.026)
Ríkisframlag	<u>3.830.434</u>	<u>3.670.100</u>
Tekjuafgangur (-halli) tímabils	<u>(12.262)</u>	<u>13.074</u>

Skipting rekstrarkostnaðar

	2014	%
Laun	3.163.838	81%
Annar rekstrarkostnaður	739.830	19%
	<u>3.903.668</u>	<u>100,00%</u>



Mynd 1. Hlutfallsleg skipting rekstrarkostnaðar 2014



Viðaukar

Tafla 3 - Útsend sektarboð og sektargerðir árið 2014

	Sektarboð	Sektargerð	Greiðsluseðill	Tilkynning
Útsend	1.313	2.093	4.316	7.739
Greidd	1.205	756	3.748	7.432

Tafla 4 - Fjöldi lögreglumenntaðra starfsmanna og annarra starfsmanna í lok janúar 2015 eftir skipulagseiningum

	Borgarlegir starfsmenn	Lögreglumenn	Alls
Fjármála- og þjónustudeild	34	8	42
Innri endurskoðun	0	2	2
Löggæslusvið	10	229	239
Aðgerða- og skipulagsd.	0	2	2
Almenn löggæsla	6	210	216
Stoðdeildir	4	17	21
Rannsóknar- og ákærusvið	17	47	64
Ákærusvið	16	2	18
Rannsóknarsvið	1	45	46
Skrifstofa lögreglustjóra	1	0	1
Mannauðsdeild	4	0	4
Upplýsinga- og áætlanadeild	6	3	9
Yfirstjórn	6	2	8
Samtals við störf	78	291	369
Nemar	0	0	0
Veikindi	0	0	0
Fæðingarorlof	0	5	5
Alls starfsmenn	78	296	374

Tafla 5 - Fjöldi starfsmanna í lok janúar 2015 eftir kyni og skipulagseiningum

	Karl	Kona	Samtals
Fjármála- og þjónustudeild	13	29	42
Innri endurskoðun	2	0	2
Löggæslusvið	197	42	239
Aðgerða- og skipulagsd.	2	0	2
Almenn löggæsla	176	40	216
Stoðdeildir	19	2	21
Rannsóknar- og ákærusvið	45	19	64
Ákærusvið	8	10	18
Rannsóknarsvið	37	9	46
Skrifstofa lögreglustjóra	0	1	1
Mannauðsdeild	0	4	4
Upplýsinga- og áætlanadeild	6	3	9
Yfirstjórn	4	4	8
Samtals við störf	267	102	369
Nemar	0	0	0
Veikindi	0	0	0
Fæðingarorlof	0	5	5
Alls starfsmenn	267	107	374

Tafla 6 - Fjöldi lögreglumanna í lok janúar 2015 eftir kyni og skipulagseiningum

	Karl	Kona	Samtals
Fjármála- og þjónustudeild	8	0	8
Innri endurskoðun	2	0	2
Löggæslusvið	190	39	229
Aðgerða- og skipulagsd.	2	0	2
Almenn löggæsla	172	38	210
Stoðdeildir	16	1	17
Rannsóknar- og ákærusvið	38	9	47
Ákærusvið	2	0	2
Rannsóknarsvið	36	9	45
Skrifstofa lögreglustjóra	0	0	0
Mannauðsdeild	0	0	0
Upplýsinga- og áætlanadeild	3	0	3
Yfirstjórn	2	0	2
Samtals við störf	243	48	291
Nemar	0	0	0
Veikindi	0	0	0
Fæðingarorlof	0	5	5
Alls starfsmenn	243	53	296





Tafla 7 - Fjöldi borgaralegra starfsmanna í lok janúar 2015 eftir kyni og skipulagseiningum

	Karl	Kona	Samtals
Fjármála- og þjónustudeild	5	29	34
Innri endurskoðun	0	0	0
Löggæslusvið	7	3	10
Aðgerða- og skipulagsd.	0	0	0
Almenn löggæsla	4	2	6
Stoðdeildir	3	1	4
Rannsóknar- og ákærusvið	7	10	17
Ákærusvið	6	10	16
Rannsóknarsvið	1	0	1
Skrifstofa lögreglustjóra	0	1	1
Mannauðsdeild	0	4	4
Upplýsinga- og áætlanadeild	3	3	6
Yfirstjórn	2	4	6
Samtals við störf	24	54	78
Nemar	0	0	0
Veikindi	0	0	0
Fæðingarorlof	0	0	0
Alls starfsmenn	24	54	78

Tafla 8 - Lykiltölur starfsmannamála

Heildarfjöldi starfsmanna við lok janúar 2015	374
Fjöldi ársverka 2014	362,96
Hlutfall kvenna af lögreglumönnum	18,00%
Hlutfall kvenna af borgaralegum starfsmönnum	69,00%
Hlutfall tapaðara vinnustunda vegna veikinda	6,99%
Starfsmannavelta * lögregla	4,40%
Starfsmannavelta * borgarar	11,50%
Fjöldi lögreglumanna í launalausum leyfi í árslok	5

Lögreglan á Instagram



Lögreglan á Instagram





Tafla 9 - Handtökur og vistanir árin 2012, 2013 og 2014

	2012	2013	2014
Handtökur			
Fjöldi handtaka	3.841	4.319	4.526
Fjöldi einstaklinga	2.472	2.600	2.661
Vistanir			
Fjöldi vistana	2.200	2.545	2.475
Fjöldi einstaklinga	1.326	1.392	1.415

Tafla 10 - Handtökur eftir mánuðum árin 2012, 2013 og 2014

	2012	2013	2014
Janúar	271	287	364
Febrúar	312	288	358
Mars	371	329	425
Apríl	327	328	408
Maí	370	370	453
Júní	338	392	411
Júlí	309	368	368
Ágúst	318	368	386
September	295	434	316
Október	309	423	330
Nóvember	288	398	381
Desember	333	334	326
Samtals	3.841	4.319	4.526

Tafla 11 - Handtökur eftir vikudögum árin 2012, 2013 og 2014


	2012	2013	2014
Mánudagur	381	498	453
Þriðjudagur	434	478	513
Miðvikudagur	424	455	508
Fimmtudagur	491	526	548
Föstudagur	471	579	574
Laugardagur	791	880	1.048
Sunnudagur	849	903	882
Samtals	3.841	4.319	4.526

Tafla 12 - Vistanir eftir mánuðum árin 2012, 2013 og 2014

	2012	2013	2014
Janúar	181	182	189
Febrúar	192	179	226
Mars	266	174	234
Apríl	180	179	219
Mái	179	220	251
Júní	178	241	184
Júlí	170	214	192
Ágúst	170	223	213
September	157	277	182
Október	156	244	195
Nóvember	166	222	211
Desember	205	190	179
Samtals	2.200	2.545	2.475

Tafla 13 - Vistanir eftir vikudögum árin 2012, 2013 og 2014

	2012	2013	2014
Mánudagur	245	316	249
Priðjudagur	282	293	307
Miðvikudagur	273	291	289
Fimmtudagur	298	340	319
Föstudagur	257	337	297
Laugardagur	409	476	549
Sunnudagur	436	492	465
Samtals	2.200	2.545	2.475



Mynd 2 - Þróun í fjölda handtaka og vistana 2008–2014



Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu - Hverfisgötu 113-115
150 Reykjavík - Sími: 444 1000 - Fax: 444 1015 - www.lrh.is
www.facebook.com/logreglan

Lögreglustöðvar á höfuðborgarsvæðinu

Hverfisgötu 113-115
150 Reykjavík

Grensásvegi 9
108 Reykjavík

Vínlandsleið 2-4
113 Reykjavík

Dalvegi 18
201 Kópavogi

Flatahrauni 11
220 Hafnarfirði

Neyðar- og aðstoðarsími lögreglu er 112